

**SKOÐUN** Gunnar Þorsteinsson skrifar um Krossgötur og smjörklípu. 13



**MENNING** Sýning Skálmaldar, Baldur, er þungarokk með leikrænu ívafi. 20



**LÍFIÐ** Tina Dickow heldur sína fyrstu tónleika í Íslandi í maí. 22



**SPORT** Guðmundur Guðmundsson vildi verja heiður sinn og liðsins. 26







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Miðvikudagur
2. apríl 2014
78. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## MARKAÐURINN



**Eftir endurreisn er uppbygging nauðsynleg**

Viðtal við Þorkel Sigurlaugsson, framkvæmdastjóra Framtakssjóðs Íslands. Sjóðurinn hefur viðrað hugmyndir um nýjan sjóð sem legði áherslu á uppbyggingu innviða samfélagsins.

## FRÉTTIR

**Sjálfsagt að laun séu lág** Formaður Kennarasambands Íslands segir að stjórnmálamenn skorti þor til að takast á við launamál kennara. 4

**Dýrt að vera með óþol** Tollar eru lagðir á mjólkurlausan ís þótt hann sé ekki framleiddur á Íslandi. 8

**Brottfarir og lendingar í uppnámi** Skæruverkföll hjá Isavia gætu sett úr skorðum 80 brottföll og lendingar. 10




12

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 4° | SSA | 3 |
| Akureyri | 8° | SA | 2 |
| Egilsstaðir | 7° | SSA | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 6° | SA | 6 |
| Reykjavík | 7° | SA | 7 |

**Milt í veðri** Í dag eru horfur á SA-strekkingi allra syðst, annars hægari vindi. Skúrir á stöku stað S- og V-til en bjart með köflum norðanlands. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Fólk




# Fjársveltið gæti reynst dýrt

Niðurskurður til Hafrannsóknastofnunar kemur niður á nauðsynlegum grunnrannsóknum. Án þeirra gæti aflaráðgjöf orðið undir því sem nytjategundir þola með tilheyrandi tekjutapi fyrir fólk og fyrirtæki í landinu.

**SJÁVARÚTVEGUR** Niðurskurður á fjárframlögum til Hafrannsóknastofnunar getur haft þau áhrif að aflaráðgjöf stofnunarinnar í einstökum tegundum getur orðið undir því sem viðkomandi stofn þolir. Því geta nokkrir tugir milljóna sem sparaðir eru af ríkinu í rannsóknafé orðið samfélaginu dýrir.

Staða stofnunarinnar er alvarleg vegna tekjusamdráttar og útlit er fyrir að ekki verði mögulegt að sinna grunnrannsóknum, en á þeim byggir aflaráðgjöf á hverjum tíma.

„Okkur finnst mjög þrengt að fjármögnun rannsókna núna, og í raun eru slæmar horfur í allri okkar starfsemi. Við teljum þetta bráðnauðsynleg verkefni sem við erum að sinna en samdráttur í fjárveitingum og sértekjum er farinn að hafa áhrif á okkar kjarnastarfsemi,“ segir Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar.

Hafrannsóknastofnun fær um 1,4 milljarða króna á fjárlögum fyrir árið 2014, en sértekjur eru áætlaðar 1,1 milljarður. Tekjur Hafrannsóknastofnunar dragast því saman um hátt í 300 milljónir króna frá 2012 eða yfir 10 prósent.

Jóhann tekur dæmi. „Við erum komin í krappan dans með vöktunarrannsóknir; eftirliti með því að stofnar séu nýttir með sjálfbærum hætti. Eftir því sem meira er gengið á slíkar rannsóknir verður óvissan í okkar mælingum meiri. Það getur hreinlega komið niður á aflaráðgjöf í einstökum tegundum, því eftir því sem við vitum minna þeim mun varfærnari þarf ráðgjöfin að vera,“ segir Jóhann og útskýrir að ef ætlunin er að fullnýta fiskistofn þá þurfa mjög nákvæmar upplýsingar að liggja fyrir, ef ekki á illa að fara. „Þetta er grundvallaratriði og byggir á nútíma sjálfbærnisviðmiðum og okkar skyldum í því ljósi. Á alþjóðavettvangi er skýr krafa um sjálfbærar veiðar, að áhættan sé ekki óþarflega mikil við nýtingu þessara stofna,“ segir Jóhann. „Vottun um sjálfbærar fiskveiðar leikur sífellt stærra hlutverk og því getur þetta jafnframt komið niður á markaðssetningu afurðanna til viðbótar við minni veiðar en mögulegar væru ef rannsóknum yrði sinnt vel. Það er því afar brýnt að tryggja betur rekstrargrunn rannsóknanna, ekki aðeins í ár eða á næsta ári, heldur til lengri framtíðar.“

svavar@frettabladid.is

### Úthaldsdögum fækkað um 140 daga í ár

Úthald rannsóknaskipanna tveggja, Árna Friðrikssonar og Bjarna Sæmundssonar, er stærsti útgjaldaliður Hafrannsóknastofnunar og erfitt að draga verulega úr kostnaði í rekstri án þess að leggja öðru skipinu hluta úr ári. Eins og staðan er núna verður úthaldsdögum skipanna tveggja fækkað úr 340 eins og þeir voru í fyrra í um 200 í ár.



**VEIÐISYSTUR** Þær Vilborg og Kristín Reynisdætur fara árlega til veiða í Vífilsstaðavatni við upphaf íslenska veiðitímabilsins. Tugir veiðimanna komu að vatninu í gær í blíðskaparveðri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Veiðimenn fjölmenntu að Vífilsstaðavatni í gær en fátt segir af aflabrögðum:

# Tugir veiðimanna og ein bleikja

**VEIÐI** „Við mætum á hverju einasta ári. Það er einfaldlega skylda,“ segir Vilborg Reynisdóttir, formaður Stangveiðifélags Hafnarfjarðar, sem mætti ásamt Kristínu systur sinni að Vífilsstaðavatni snemma í gærmorgun.

Gærdagurinn markaði upphaf stangveiðitímabilsins hér á landi og tugir manna sóttu vatnið heim í blíðuveðri. Strax um morguninn voru tólf veiðimenn mættir og þöndu flugustangirnar, að sögn Vilborgar og þegar leið á daginn skiptu þeir tugum sem kíktu til að ná úr sér veiðihrollinum.

„Ég hef aldrei fengið neitt á þessum fyrsta degi veiðitímabilsins,“ segir Vilborg hlæjandi, en hún sér ekki hvaða máli það skipti og gleðst yfir því að biðin er á enda.

> **Ég hef aldrei fengið neitt á þessum fyrsta degi veiðitímabilsins.**
> *Vilborg Reynisdóttir*
> *formaður Stangveiðifélags Hafnarfjarðar*

Aðeins höfðu menn spurnir af því að ein bleikja hefði látið glepjast, en ungur veiðimaður sleppti henni að lokinni viðureign. - shá

Símar íslensku ráðherranna:

# iPhone með vinninginn

**FÓLK** Meirihluti ráðherra í ríkisstjórn Íslands er með iPhonesíma, eða fimm. Hinir fjórir eru með snjallsíma frá Samsung.

Ráðherrarnir eru afar misvirkir á samfélagsmiðlum. Til að mynda eru Ragnheiður Elín Árnadóttir og Sigurður Ingi Jóhannsson ekki virk á Twitter. Hanna Birna Kristjánsdóttir er langöflugust á miðlinum með tæp þúsund tíst.



Á Facebook er það hins vegar Bjarni Benediktsson sem trónir á toppnum en rúmlega átta þúsund manns líkar við síðuna hans.

lkg / sjá síðu 22





NEXT • KRINGLUNNI • SÍMI 5513200






## SPURNING DAGSINS



Þorsteinn, var þeim safnað á þínu blómaskeiði?

**„Já, ég hef löngum verið bæði blómlegur og ræktarlegur.“**

Þorsteinn H. Gunnarsson hefur opnað sýningu á þurrkuðum íslenskum plöntum sem hann tíndi árið 1968, sama ár og hann kvæntist.

MMR kannaði afstöðu almennings til nýs framboðs hægrimanna:

# Fengi hugsanlega 38 prósent

**STJÓRNMÁL** MMR kannaði 28. mars til 1. apríl afstöðu almennings til þess hvort til greina kæmi að kjósa nýtt framboð hægrimanna, sem nyti stuðnings Þorsteins Pálssonar, fyrrverandi formanns Sjálfstæðisflokksins, ef það byði fram í næstu Alþingiskosningum.

Af þeim sem tóku afstöðu sögðu 38,1 prósent að til greina kæmi að kjósa nýtt framboð hægrimanna í næstu kosningum og 61,9 prósent sögðu það ekki koma til greina.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Þetta er meiri stuðningur við mögulegt framboð en áður hefur mælst, segir MMR. Svipuð könnun hafi verið gerð 2012 þegar nýtt framboð Guðmundar Steingrímssonar og Besta flokksins var til umræðu og líka þegar nýtt framboð Lilju Mósesdóttur kom til tals.

Þessi framboð nutu stuðnings 23-24 prósenta þeirra sem tóku afstöðu. Hæst hafi stuðningur við framboð Guðmundar Steingrímssonar farið í 34 prósent í október 2011. Þeir sem tóku þátt í könnuninni var fólk 18 ára og eldra sem valið var handahófskennt úr hópi álitsgjafa MMR. Svarfjöldi var 960. 65 prósent þeirra tóku afstöðu til spurningarinnar. - jme

→ **Myndu hugleiða að kjósa hægrimenn**






**SIRKUSBJÖRNINN „BANGSI“** Gestir Húsdýragarðins voru alsælir með meðlimi Sirkuss Íslands í gær þótt stjarnan hafi verið úr tuskuefni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nokkur fjöldi fólks hljóp apríl í Húsdýragarðinum í gær:

# Sirkusdýrið Bangsi er tuskudýr

**APRÍLGABB Fréttablaðið sagði frá því að fyrsti íslenski sirkusbjörninn yrði til sýnis fyrir gesti Húsdýragarðsins í gær. Bangsinn var sagður á vegum Sirkuss Íslands og átti að taka þátt í sirkussýningu hans.**

**Norski björninn Bamse, sem á íslensku er nefndur Bangsi, er þó enginn alvöru björn heldur er hann tuskudýr.**

**Sirkusstjórinn Lee Nelson sagði stemninguna í dýragarðinum hafa verið frábæra og að enginn hafi verið skúffaður þó að dýrið hafi ekki verið raunverulegt. „Við lékum listir okkar fyrir gestina og allir voru sáttir við frábæran dag og skemmtu sér konunglega,“ sagði hann en nokkur fjöldi mætti á svæðið.**

**„Mig langar að árétta það að Sirkus Íslands myndi aldrei nota lifandi dýr. Slíka meðferð á dýrum líðum við alls ekki.“** - jm



**SMJÁSJÁIN** Sævar Ingþórsson doktorsnemi er stoltur af nýju smásjánni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Tugmilljóna smásjá til frumurannsókna

Ný hágæðasmásjá var keypt fyrir Læknagarð í Háskóla Íslands. Talið er að hún muni skipta sköpum í rannsóknum á alvarlegum sjúkdómum á Íslandi.

**VÍSINDI** Ný hágæðasmásjá, sem kemur til með að valda straumhvörfum í rannsóknum í frumulíffræði, verður vígð í Háskóla Íslands á næstu dögum.

Smásjáin, sem er hýst í Læknagarðinum, kostaði tugi milljóna króna. Hún kemur til með að nýtast í mikilvægum rannsóknum sem skipta sköpum fyrir læknisfræðilegar rannsóknir á Íslandi.

Eiríkur Steingrímsson, prófessor í læknadeild HÍ, segir tilkomu smásjárinnar gífurlega þýðingarmikla fyrir samfélagið. „Smásjáin gerir okkur vísindamönnum kleift að skoða staðsetningu próteina innan í frumum, jafnvel þegar fruman er lifandi. Hún verður nýtt í lífvísindarannsóknir, til að auka skilning á og auðvelda rannsóknir á alvarlegum sjúkdómum á borð við brjóstakrabbamein, sortuæxli, arfgenga heilablæðingu og í stofnfrumurannsóknir.“

Kaupin á tækinu eru afrakstur samvinnu margra vísindahópa, sem stóðu í sameiningu að styrktarumsókninni. „Um er að ræða mörg rannsóknarteymi, og þau munu öll koma til með að nýta smásjána í sínum rannsóknum,“ segir Eiríkur. „Við erum að leita eftir því að efla samstarf dreifðra stofnana sem allar sinna rannsóknum af þessu tagi, bæði utan og innan háskólans í þeirri viðleitni að efla samstarfið. Lífvísindasamfélagið á Íslandi er lítið, en það er stöðugt að eflast. Tilkoma smásjárinnar er liður í því.“

Smásjáin er af gerðinni Olympus FV1200, sem er fluorescent conofalsmásjá af bestu gerð.

Sú smásjá sem áður var nýtt í rannsóknir af þessu tagi var ekki nándar nærri eins öflug og þessi, og umskiptin því gríðarleg.

„Þetta er allt annað, þetta er í raun eins og að skipta út Trabant fyrir Benz,“ segir Eiríkur stoltur.

Vígslan fer fram í Læknagarði 23. apríl og mun menntamálaráðherra annast hana.

julia@frettabladid.is

> **„Smásjáin gerir okkur vísindamönnum kleift að skoða staðsetningu próteina innan í frumum, jafnvel þegar fruman er lifandi.**
>
> *Eiríkur Steingrímsson, prófessor við Háskóla Íslands*

Átak samþykkt í borginni:

# Vilja uppræta heimilisofbeldi

**SVEITARSTJÓRNIR** Tillaga um að ráðist verði í átak til að uppræta heimilisofbeldi var samþykkt á borgarstjórnarfundi í gær.

Borgin kallar eftir samstarfi við stofnanir á borð við Barnavernd, Félagsþjónustuna og Mannréttindaskrifstofu, sem hafa þekkingu í málaflokknum, til að bregðast við og sporna gegn samfélagsmeininu.

Vonir eru um að árangur geti náðst í að veita bæði þolendum og gerendum stuðning og úrræði. Brýna þarf fyrir fólki að fleiri mál séu tilkynnt og úr þeim unnið til að draga úr heimilisofbeldi. - jm

Kona handtekin við Nóatún:

# Riffillinn var eftirlíking

**LÖGREGLUMÁL** Kona á fimmtugsaldri var handtekin við JL-húsið í gær. Starfsmaður Nóatúns gerði lögreglu viðvart eftir að hann sá konuna sveifla einhverju sem líktist riffli af svölum í íbúð sinni.

Sérsveitin fór inn í íbúðina og framvísaði konan þá rifflinum, sem reyndist vera eftirlíking. Engum skotum var hleypt af á meðan á aðgerðum stóð.

Ekki er vitað hvað konunni gekk til. Hún hefur áður komið við sögu lögreglu. - jm




Lög sett á verkfallsaðgerðir sjómanna á Herjólfi vegna brýnna hagsmuna:

# Sátt í deilunni ekki í sjónmáli

**ALPINGI** „Það eru brýnir almanna- og öryggishagsmunir í húfi,“ sagði Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra þegar hún mælti fyrir lagafrumvarpi á Alþingi í gær um að fresta verkfallsaðgerðum undirmanna á Herjólfi til 15. september.



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

Þar með verða siglingar milli lands og Eyja samkvæmt áætlun.

Hanna Birna sagði að sátt í deilunni væri ekki í sjónmáli og því stæðu stjórnvöld frammi fyrir þeim erfiða kosti að grípa inn í kjaramál deiluaðila og sú ákvörðun væri ekki létt.

Sjómenn eru afar ósáttir við þá ákvörðun að setja lög á verkfallsaðgerðirnar.

Jónas Garðarsson hjá Sjómannafélagi Íslands segir að sjómenn séu ósáttir við þessa ákvörðun.

„Sérstaklega þar sem stjórnarherrarnir hafa ekki leitað efnisraka og kannað hvað er í þessari kröfugerð okkar,“ segir Jónas. „Fólkið á Herjólfi á rétt á sambærilegum kjarabótum og félagar þeirra sem vinna sambærileg störf á öðrum skipum. Það er það sem verið er að fara fram á.“ - jme




**LÖG Á VERKFALL** Samgöngur á milli lands og Eyja verða samkvæmt áætlun eftir að lög voru sett á verkfallsaðgerðir undirmanna á Herjólfi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



№28
2014
Listahátíð
í Reykjavík
Dagskrá 28. Listahátíðar
í Reykjavík kynnt í dag
Miðasalan hefst KL. 15
Fylgist með á
www.listahatid.is
Myndin er eftir Rafael Pinho
og er byggð á Piano Transplants
(1968-2005) eftir Anneu Lockwood.
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Reykjavíkurborg
Landsvirkjun
BRIM SEAFOOD
TVG-ZIMSEN FLUTNINGSMIÐLUN
Lárusson Hönnunarstofa

## SVONA ERUM VIÐ



**1.088** var fjöldi framhaldsskólakennara og leiðbeinenda veturinn 1999 til 2000.

Þeim hefur fjölgað árlega frá þeim tíma og voru 1.656 veturinn 2011 til 2012.

Forysta kennara segir ekki tímabært að ræða styttingu framhaldsskólans:

# Botn verður að fást í launadeilu

**KENNARAVERKFALL** Forystu kennara og menntamálaráðherra greinir á um hvort heppilegt sé að ræða kerfisbreytingar á borð við styttingu framhaldsskólans í kjarasamningum.

Illugi Gunnarsson ráðherra segir að stytting framhaldsskólans sé til umræðu í kjaraviðræðum nú. „Það eru ýmis atriði í kjarasamningum kennara sem hafa áhrif á það hvernig við getum breytt skólakerfinu og þróað það. Meðal annars með styttingu framhaldsskóla.“

Formaður KÍ, Þórður Hjaltested, og formaður Bandalags háskólamanna, Guðlaug Kristjánsdóttir, sögðu bæði í erindum sínum á Kennaraþingi í gær að kjaraviðræður væru ekki réttur vettvangur til að ræða styttingu framhaldsskólans. „Við þurfum að fá botn í launamálin áður en við ræðum aðrar breytingar,“ sagði Þórður.



ÞÓRÐUR HJALTESTED

Undir þetta tekur Guðríður Arnardóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara. „Þú ræðir ekki kerfisbreytingar í menntakerfinu við einhverja eina tiltekna fagstétt. Launamálin eru forgangsatriði og ráðherra er ekki að byrja á réttum enda.“

- ssb

Stofnfrumurannsókn fölsuð:

# Niðurstöðurnar ómarktækar

**VÍSINDI** Allt bendir til að niðurstöður stofnfrumurannsókna sem birtust í janúar síðastliðnum hafi verið byggðar á fölsunum. Þetta fullyrðir rannsóknarnefnd í Japan, og kemur fram í vísindatímaritinu Nature.

Rannsóknarnefndin skilaði þeirri niðurstöðu að höfundurinn Haruko Obokata hafi hagrætt gögnum í rannsóknarvinnunni og sýnt fram á vanrækslu í starfi sem leiðir til þess að niðurstaða rannsóknarinnar er ekki marktæk. - jm



**RÁÐHERRASKIPTI** Manuel Valls og Jean-Marc Ayrault. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hollande skiptir um stjórn:

## Valls tekur við af í Frakklandi

**FRAKKLAND, AP** Manuel Valls tók í gær við forsætisráðherraembætti Frakklands af flokksbróður sínum, Jean-Marc Ayrault. Báðir eru þeir sósíaldemókratar rétt eins og François Hollande, forseti landsins.

Hollande ákvað að skipta þyrfti um ríkisstjórn eftir að Sósíaldemókrataflokkurinn fékk slæma útreið í sveitarstjórnarkosningum á sunnudag.

Reiknað er með að Valls muni kynna nýjan ráðherralista í dag. - gb

John Kerry flaug til Ísraels:

## Reynt að bjarga viðræðunum

**ÍSRAEL, AP** John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hélt til Ísraels í gær í von um að koma viðræðum Ísraela og Palestínumanna af stað á ný.



JOHN KERRY

Ýmis merki voru um að hægt yrði að hefja viðræður ef samkomulag tækist, sem snerist um að Jonathan Pollard yrði látinn laus úr fangelsi í Bandaríkjunum í skiptum fyrir hundruð palestínskra fanga í Ísrael. - gb

# Sjálfsagt að launin séu lág

**Formaður Kennarasambands Íslands segir að stjórnmálamenn skorti þor til að takast á við launamál kennara og þyki sjálfsagt að launin séu lág. Menntamálaráðherra ávarpaði Kennaraþing í gær og vill að sátt náist um styttingu framhaldsskólans og aðrar kerfisbreytingar. Óánægja ríkti með að ráðherra ræddi ekki kjaramál.**

**KENNARAVERKFALL** Kennaraþing Kennarasambands Íslands (KÍ) var sett á Grand Hóteli í gær. Þingið er haldið í skugga verkfalls framhaldsskólakennara sem staðið hefur yfir í á þriðju viku.

Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, vék ekki að kjarabaráttu kennara í ræðu sinni við upphaf þings. Hann sagði að yfirstandandi samningaviðræður ættu ekki að fara fram í fjölmiðlum eða á ráðstefnu sem þessari. „Það er miklu stærra mál sem hér er verið að ræða. Hér er verið að ræða menntakerfið í heild sinni en ekki bara kjaradeiluna. Ég vil leggja áherslu á almenn atriði sem við eigum að geta náð samstöðu um. Við þurfum að bæta frammistöðu framhaldsskólanema,“ sagði hann. „Við þurfum að bæta lesskilning og starfsemina á grunnskólastiginu þar af leiðandi. Við þurfum að efla heimilin. Þetta eru mikilvæg atriði burtséð frá þeirri kjaradeilu sem nú er uppi. Umræðan um kaup og kjör núna fer fram við samningaborðið.“

Þórður Hjaltested, formaður Kennarasambands Íslands, sagði það dapurlegt að setja Kennaraþing þegar stór hluti félagsmanna væri í verkfalli. Hann sagði að stjórnmálamönnum þætti sjálfsagt að kennarastéttin væri illa launuð og kallaði eftir auknu fjármagni til skólastarfsins. „Þróunin frá hruni hefur verið sú að kennarar dragast aftur úr. Það launaskrið sem Seðlabankinn er farinn að gera ráð fyrir í sínum viðmiðum er ekki til staðar hjá kennurum. Við erum tilbúin að setjast niður um ákveðnar kerfisbreytingar en forgangurinn er launamál og við verðum að fá botn í þau áður en við stígum í aðra vinnu.“



**KENNARAÞING** Illugi Gunnarsson ávarpaði þingið í gær og ræddi almenn sóknarfæri í menntakerfinu. Hann vill stórbæta læsi ungmenna og minnka brottfall úr framhaldsskólum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Guðríður Arnardóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara, var óánægð með að menntamálaráðherra hefði ekki talað um yfirstandandi kjaradeilu við setningu þingsins í gær. „Brýnasta verkefni menntamálaráðherra núna er að beita sér fyrir lausn í kjaradeilu framhaldsskólakennara og koma skólanum til starfa á ný. Ég hef ekki séð mikið af ráðherrum tjá sig né beita sér í þessari kjaradeilu. Þó að fjármálaráðherra haldi um veskið hlýtur það að vera faglegur ráðherra menntamála sem á að knýja á um að fá fjármuni inn í sitt ráðuneyti.“



> „Ég hef ekki séð mikið af ráðherrum tjá sig né beita sér í þessari kjaradeilu.
>
> *Guðríður Arnardóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara*

Formaður KÍ lýsti í ræðu sinni yfir áhyggjum af því að fáir sæktu í kennaranám vegna lágra launa. Laun íslenskra kennara væru fyrir neðan meðaltal OECD-ríkjanna. Formaður Félags framhaldsskólakennara tók undir áhyggjurnar, „Hvernig eigum við að laða að hæfa kennara til að sinna kennslu þegar framhaldsskólakennarar eru rétt hálfdrættingar í launum á við kollega sína á Norðurlöndunum? Það hefur verið bent á það í alþjóðaskýrslum að það þurfi að hækka laun íslenskra kennara til að viðhalda nýliðun í stéttinni,“ sagði Guðríður.

Kennaraþing KÍ stendur yfir fram á föstudag.

snaeros@frettabladid.is






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 20° | Friedrichshafen | 22° | New York | 16° |
| Aþena | 22° | Gautaborg | 9° | Orlando | 28° |
| Basel | 18° | Kaupmannahöfn | 9° | Ósló | 9° |
| Berlín | 19° | Las Palmas | 22° | París | 23° |
| Billund | 10° | London | 20° | San Francisco | 15° |
| Frankfurt | 22° | Mallorca | 22° | Stokkhólmur | 6° |




**Á MORGUN** Allhvasst eða hvasst við suðurströndina, annars hægur vindur.




**FÖSTUDAGUR** Hægur vindur um allt land.

**MILT Í VEÐRI** Í dag og næstu daga ríkja S- og SA-áttir, vindur verður yfirleitt hægur, þó má búast við hvassviðri syðst á morgun, einkum undir Eyjafjöllum. Lægir smám saman og á föstudaginn eru horfur á hæglætisveðri um allt land. Hiti breytist lítið.



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




**TOP SAFETY PICK 2014**
— Bandaríska umferðaröryggisstofnunin IIHS

**BÍLL ÁRSINS Í JAPAN 2012-2013**
— ein virtustu verðlaun bílgreinarinnar

**BESTI SPORTJEPPINN 2014**
— L'Annuel de l'automobile

**AUTOMOBILE ALL-STAR 2013**
— The Best Cars in America, AUTOMOBILE

**MESTA ÁNÆGJAN**
— J.D. Power | 2013

MAZDA CX-5 er sigurvegarinn í sínum flokki í ánægjukönnun J.D. Power en niðurstöðurnar byggja á svörum frá 83.000 eigendum nýrra bíla.

**LÆGSTI 5 ÁRA REKSTRARKOSTNAÐURINN**
— Kelleys Blue Book

Mazda bílar hafa lægsta 5 ára rekstrarkostnaðinn skv. könnun Kelley Blue Book.

**BESTI SPORTJEPPINN 2013**
— Best Crossover, Auto Express

**BESTI SPORTJEPPINN**
— Best SUV, Green Awards WHATCAR

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Mazda CX-5 er vel að þessum verðlaunum kominn. Hann er búinn SKYACTIV spartækni MAZDA, er einstaklega fallegur á að líta og með miklum staðalbúnaði: skynvætt fjórhjóladrif (4WD), snjallhemlunarkerfi (Smart City Break Support), blindpunktsaðvörunarkerfi (Rear Vehicle Monitoring), i-stop spartækni, Bluetooth síma- og tónhlöðutengi, 17" álfelgur, nálægðarskynjari, upplýsingasnertiskjár í mælaborði, hraðastillir (cruise) og regnskynjari í framrúðu. Dráttargetan er 1800-2000 kg og veghæðin er 21 cm. Komdu í reynsluakstur.

Mazda CX-5 4WD 2,0i SkyActiv bensín. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,6 l/100 km. og 5,5 l/100 km. með sjálfskiptingu og 2,2 lítra SkyActiv dísilvél.
Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað bíða mörg mál umræðu á Alþingi?
**2.** Hvar er Japönum bannað að veiða hval?
**3.** Hvað er Hjalti Nordal Gunnarsson tónskáld gamall?

**SVÖR:**
**1.** Rúmlega 80. **2.** Í Suður-Íshafinu. **3.** 15 ára.

Ráðherrar Atlantshafsbandalagsins funduðu um málefni Krímskaga í gær:

# NATO slítur öllu samstarfi við Rússa

**KRÍMSKAGI, AP** Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri NATO, tilkynnti að bandalagið hefði slitið öllu samstarfi við Rússland.

Þetta kom fram á fundi Atlantshafsbandalagsins í gær. Ekki var tekin ákvörðun um hvort bandalagið myndi veita Úkraínumönnum aðstoð í varnarmálum. Moskvustjórn hefur varað við samskiptum við bandalagið því það gæti valdið enn meiri órðugleikum í samskiptum ríkjanna.

Þetta var í fyrsta sinn frá því að Krímskagi var innlimaður í Rússland, sem ráðherrar frá öllum aðildaríkjunum funduðu um málið. Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra sat fundinn fyrir hönd Íslands.

Á síðustu dögum hefur fjölgað í herliði Rússa við landamæri Úkraínu og hefur það skapað hræðsluástand á svæðinu. Herflugvélar frá NATO stunda heræfingar í Eystrasaltsríkjunum.

Á mánudag heimsótti Dmitry Medvedev, forsætisráðherra Rússlands, Krímskaga. Þetta var fyrsta heimsókn frá svo háttsettum rússneskum embættismanni síðan skaginn var innlimaður í rússneska ríkjasambandið.

Medvedev lagði áherslu á að íbúar Krímskaga ættu ekki að líða neitt tap í kjölfar innlimunarinnar heldur einungis hagnast.

- kóh



**KRANSLAGNING** Medvedev tók þátt í minningarathöfn um heimsstyrjöldina seinni í heimsókn sinni á Krímskaga. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP






# Tryggja eftirlit með félagsþjónustunni

Félagsmálaráðherra kynnti á ríkisstjórnarfundi skipun starfshóps til að endurskoða velferðarþjónustu við börn og barnafjölskyldur. Hugmynd um nýja stjórnsýslustofnun sem hefur umsjón með félagslegum verkefnum ríkisins er á borðinu.

**VELFERÐARMÁL** Skoðað verður á næstunni hvort ný stjórnsýslustofnun verði sett á stofn til að hafa umsjón með verkefnum ríkisins á sviði félagsþjónustu og barnaverndar. Einnig myndi stofnunin hafa eftirlitshlutverk til að tryggja gæði þjónustunnar sem verið er að veita í málaflokkunum.

Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra kynnti hugmyndina á ríkisstjórnarfundi á mánudaginn síðastliðinn.

„Vinna við mótun fjölskyldustefnu hefur lengi verið í gangi í ráðuneytinu. Umfjöllun um úrræði fyrir börn í vanda og ábendingar, sem við höfum fengið um að tryggja þurfi betur gæði og eftirlit í félagsþjónustunni almennt, varð til þess að ég taldi rétt að skipa starfshóp til að beina sjónum að þeim málum. Hópurinn mun skoða hvernig megi útfæra þetta betur og þá sérstaklega hugmyndina um nýja stjórnsýslustofnun sem tæki við þessu eftirlitshlutverki," segir Eygló.

Hún segir að horft sé til danskrar fyrirmyndar en þar í landi starfar stofnunin Socialstyrelsen undir félagsmálaráðuneytinu. Ýmis verkefni sem hafa verið í höndum Barnaverndarstofu eða eru unnin innan velferðarráðuneytisins í tengslum við félagsþjónustu sveitarfélaga munu þá flytjast yfir til þessarar nýju stofnunar.

Verkefnin eru túlkun laga, umsýsla og ráðgjöf við þá sem þjónusta börn, fatlað fólk, aldraða og innflytjendur auk Íslendinga í vanda erlendis.



**BÖRN** Stofnunin mun meðal annars hafa eftirlit með þjónustu sveitarfélaganna í barnaverndarmálum og veita þjónustuaðilum ráðgjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/

„Sveitarfélögin hafa verið í auknum mæli að taka við verkefnum á sviði félagsþjónustunnar og hafa að mínu mati sinnt því mjög vel. Ríkið þarf aftur á móti að tryggja að það sé gott eftirlit og gæði í þjónustunni sem er veitt um allt landið. Þetta er viðamikið verkefni og við þurfum að vanda okkur því við erum með viðkvæmustu einstaklingana í samfélaginu undir. Starfshópurinn mun því leita leiða til að ríkið geti stutt sem best við sveitarfélögin, eflt þau enn frekar, og þetta er ein hugmyndin," segir Eygló og bætir við að einnig verði lögð áhersla á snemmtæka íhlutun vegna vanda barna og unglinga þar sem horft verði til samstarfs við heilbrigðisráðherra.

erlabjorg@frettabladid.is



> **Þetta er viðamikið verkefni og við þurfum að vanda okkur því við erum með viðkvæmustu einstaklingana í samfélaginu undir.**
>
> *Eygló Harðardóttir, félagsmálaráðherra.*

Rúmlega 170 mál voru á upphaflegum þingmálalista ríkisstjórnarinnar:

# Búið að afgreiða 110 frumvörp

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórnin er búin að afgreiða á annað hundrað mála frá því hún kom til valda fyrir tæpu ári, samkvæmt upplýsingum sem Fréttablaðið fékk í Stjórnarráðinu.

Lagafrumvörp eru 110, auk þess hefur stjórnin afgreitt á annan tug þingsályktunartillagna.

Ef allt er skoðað hefur ríkisstjórnin afgreitt á milli 120 og 130 mál.

Á þingmálalista ríkisstjórnarinnar voru 173 mál þegar listinn var birtur í haust. Hann var endurskoðaður fyrir vorþing.

Það styttist í að Alþingi fari í sumarfrí, einungis er um tugur þingfundadaga eftir og mörg stór mál bíða, þar á meðal skuldaleiðréttingarfrumvarp ríkisstjórnarinnar og frumvarp um séreignarsparnað, að öllu óbreyttu verður mælt fyrir þeim í dag.



**FJÖLDI FRUMVARPA** Ríkisstjórnin hefur afgreitt á annað hundrað mála, bæði stór og smá, síðan hún komst til valda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í gær biðu 40 frumvörp fyrstu umræðu á Alþingi, 51 frumvarp var til umfjöllunar í nefndum og 16 biðu annarrar umræðu. Frumvörp sem verður ekki næst að afgreiða á yfirstandandi þingi, flytjast ekki yfir til næsta þings, heldur þarf að endurflytja málið.

- jme

# Dýrt að vera með óþol eða ofnæmi

Tollar eru lagðir á mjólkurlausan ís þrátt fyrir að slíkur ís sé ekki framleiddur á Íslandi. Formaður Astma- og ofnæmisfélagsins segir það vera réttlætismál að fólk sem er með óþol eða ofnæmi geti notið þess að fá sér ís án þess að þurfa að greiða fyrir það hátt verð.

**VIÐSKIPTI** Innflutningi á ís, sem ekki er framleiddur úr kúamjólk, er stjórnað með bæði verð- og magntollum. Um er að ræða svokallaðan „non-dairy“-ís, til dæmis soja- og möndluís. Annars vegar er lagður 30 prósenta verðtollur á innflutningsverð og hins vegar 110 króna magntollur á hvert kíló sem flutt er inn. Afleiðingin er sú að ísinn er dýr og úrvalið lítið og stopult í verslunum.

„Við viljum að skjólstæðingar okkar geti notið sömu réttinda og aðrir, þó ís sé auðvitað ekki endilega það sem maður ráðleggur fólki að borða á hverjum degi þá er það réttlætismál að okkar fólk geti fengið sér ís án þess að borga svona rosalega fyrir það,“ segir Fríða Rún Þórðardóttir, formaður Astma- og ofnæmisfélags Íslands.

Tollar sem lagðir eru á ísinn eru verndartollar sem eiga að vernda innlenda mjólkurframleiðslu. Hins vegar er „non-dairy“-ís ekki framleiddur úr kúamjólk eða öðrum innlendum landbúnaðarafurðum. Það er því engin innlend búvöruframleiðsla sem þarfnast verndar enda er engin framleiðsla á þessum vörum hér á landi.

Fríða segir að í félaginu séu alls um 960 félagsmenn og af þeim sem eru með fæðuóþol eru flestir með mjólkuróþol eða mjólkurofnæmi. Aðilar með slíkt óþol eða ofnæmi þurfa að forðast alfarið vörur sem innihalda kúamjólk þar sem ofnæmisviðbrögðin geta verið alvarleg og jafnvel lífshættuleg. Eftir stendur að þeir sem eru með mjólkuróþol verða að greiða mjólkurtolla af ís, þrátt fyrir að geta ekki neytt mjólkur og þrátt fyrir að ísinn sé alls ekki búinn til úr mjólk.

➜ 30 prósenta verðtollur er lagður á innflutningsverð á „non-dairy“ ís. Einnig er lagður 110 króna magntollur á hvert kíló sem flutt er inn.

Brynhildur Pétursdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar, er meðal flutningsmanna frumvarps um niðurfellingu tolla og vörugjalda á staðgengdarvörur kúamjólkur. Í frumvarpinu segir meðal annars að verð á staðgengdarvöru mjólkur virðist vera allt að því þrefalt verð kúamjólkur. Verulegt tilefni sé til þess að draga úr þessum mun enda ekki réttlátt að refsa fjárhagslega þeim sem af einhverjum ástæðum kjósa að neyta ekki mjólkur.

„Ég veit ekki til þess að það sé einhver andstaða við þetta frumvarp og við leggjum mikla áherslu á að það fari út úr nefndinni. Þó þetta sé lítið skref þá er það mikilvægt,“ segir Brynhildur.

fanney@frettabladid.is



**VERNDARTOLLAR** „Non-dairy“-ís er ekki framleiddur úr kúamjólk eða öðrum innlendum landbúnaðarvörum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Vilja lækka vöruverð til hagsbóta fyrir neytendur

Allir þingmenn Sjálfstæðisflokks, utan ráðherra, hafa lagt fram tillögu til þingsályktunar um mótun viðskiptastefnu Íslands. Í henni ályktar Alþingi að fela ráðherra að móta viðskiptastefnu sem hafi að markmiði að jafna samkeppnisstöðu innlendrar verslunar gagnvart erlendri og lækka vöruverð til hagsbóta fyrir neytendur. Stefnan verði lögð fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu fyrir 1. júlí 2014.



„Ég held að það sé skýr vilji fyrir því bæði í þjóðfélaginu og á þinginu að við séum með skilgreinda viðskiptastefnu. Það sjá allir fáránleika núverandi ástands,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

Í tillögunni segir að tilgangur hennar sé að auka veg innlendrar verslunar og neytenda. Liður í að ná þeim markmiðum er að endurskoða fyrirkomulag skattamála, þar með talið tolla og vörugjalda. Ísland er ekki í tollabandalagi og hafa stjórnvöld fullt forræði á að lækka tolla. Fram til þessa hefur stefna stjórnvalda verið að lækka ekki tolla nema á grundvelli gagnkvæmra ívilnana í gegnum Alþjóðaviðskiptastofnunina, EFTA eða með tvíhliða samningum.

„Þetta snýr að samkeppnisstöðu þjóðarinnar og verðlagi á Íslandi og við erum ekki að hegna neinum öðrum en almenningi og fyrirtækjum ef við erum með hindranir inn á innlendan markað,“ segir Guðlaugur og bætir við: „Þeim þjóðum sem hafa gengið hvað lengst í viðskiptafrelsi hefur alla jafna vegnað mun betur. Einföldun er lykilorðið.“


SEÐLABANKI ÍSLANDS

**Seðlabanki Íslands**
**Gjaldeyrisútboð**

Seðlabanki Íslands mun halda þrjú gjaldeyrisútboð 14. maí 2014. Útboðin þrjú eru liður í losun hafta á fjármagnsviðskiptum, samanber áætlun Seðlabankans um losun gjaldeyrishafta frá 25. mars 2011 (http://sedlabanki.is/afnam) og skilmála Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisviðskipti samkvæmt fjárfestingarleið að losun gjaldeyrishafta frá 18. nóvember 2011 með síðari breytingum (http://sedlabanki.is/fjarfesting).

**Útboð í fjárfestingarleið**
Seðlabanki Íslands býðst til að kaupa evrur í skiptum fyrir íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi. Lágmarksfjárhæð til þátttöku í útboðshluta fjárfestingarleiðarinnar eru EUR 25.000. Fjármálafyrirtæki sem gert hafa samstarfssamning við Seðlabanka Íslands um milligöngu munu annast framlagningu umsókna um fyrirhugaða þátttöku fjárfesta í útboðinu samkvæmt fjárfestingarleiðinni. Það útboð er opið fjárfestum sem hafa fengið samþykkta umsókn um þátttöku í fjárfestingarleið. Frestur til að skila inn umsóknum rennur út í dagslok 22. apríl n.k.

**Útboð í ríkisverðbréfaleið**
Seðlabanki Íslands býðst til að kaupa evrur gegn greiðslu í ríkisverðbréfum í flokknum RIKS 33 0321. Heildarmagn evra (útboðsfjárhæð) sem Seðlabankinn býðst til að kaupa verður að hámarki samsvarandi ISK 400 milljónum. Lágmarksfjárhæð til þátttöku í ríkisverðbréfaleiðinni eru EUR 10.000. Tilteknir aðalmiðlarar á skuldabréfamarkaði hafa milligöngu um viðskipti í útboðinu gegn greiðslu í ríkisverðbréfum.

**Útboð um kaup á krónum gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri**
Seðlabanki Íslands kallar eftir tilboðum frá aðilum sem vilja selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Viðskiptabönkum er boðið að hafa milligöngu um viðskiptin um kaup á íslenskum krónum í skiptum fyrir erlendan gjaldeyri.

Seðlabankinn áskilur sér rétt til að takmarka heildar viðskiptamagn með hliðsjón af áhrifum útboðanna á lausafjárstöðu fjármálafyrirtækja. Endanleg útboðsfjárhæð ræðst af þátttöku. Útboðsfyrirkomulag er með þeim hætti að öll samþykkt tilboð bjóðast fjárfestum á sama verði (e. single price). Uppgjör viðskipta í útboðunum þremur verður 2 dögum eftir að útboði lýkur. Tilboðum skal skilað eigi síðar en 14. maí 2014. Nánari lýsingu á framkvæmd útboðanna þriggja er að finna í útboðsskilmálum.

Útboðsskilmála og yfirlit um milligönguaðila, aðalmiðlara og viðskiptabanka má finna á heimasíðu Seðlabankans http://sedlabanki.is/utbod.

Næstu gjaldeyrisútboð verða haldin 24. júní og 2. september 2014.

Nánari upplýsingar veita milligönguaðilar, aðalmiðlarar og viðskiptabankar.





**FÆR HEIMILD** Umboðsmaður skuldara fær heimild til að beita dagsektum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nýtt frumvarp á Alþingi:

## Umboðsmaður má dagsekta

**STJÓRNSÝSLA** Umboðsmaður skuldara fær heimild til að beita dagsektum ef stjórnvöld, fyrirtæki eða samtök draga úr hömlu að veita upplýsingar sem embættinu eru nauðsynlegar til að rækja lögbundið hlutverk sitt.

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, hefur lagt frumvarp þessa efnis fram á Alþingi.

Umboðsmaður skuldara hefur í dag ekki úrræði til að knýja upplýsingaskyldan aðila til að afhenda þær upplýsingar sem hann hefur óskað eftir þrátt fyrir ótvíræða lagaskyldu. - jme

Fataframleiðandi mismunar:

## Lesbía fékk ekki starf

**SVÍÞJÓÐ** Fataframleiðandinn Champion í Svíþjóð vildi ekki ráða konu til starfa vegna samkynhneigðar hennar. Í starfsumsókn í gegnum ráðningarstofu greindi konan frá kynhneigð sinni. Hún var kölluð í viðtal á ráðningarstofuna en fyrirtækið hafnaði henni.

Ráðningarstofan hætti samstarfi við Champion og konan kærði fyrirtækið með aðstoð stéttarfélags fyrir mismunun. Champion, sem í fyrstu neitaði sök, hefur nú samþykkt að greiða konunni 60 þúsund sænskar krónur í bætur. - ibs


Fegurðin kemur að innan
BLUE LAGOON
ICELAND
Döðlur.

Dómstóll í Túnis úrskurðar í nauðgunarmáli:

# Tveir lögreglumenn dæmdir í fangelsi

**TÚNIS** Tveir lögreglumenn í Túnis hafa verið dæmdir til að sitja sjö ár í fangelsi fyrir að hafa nauðgað ungri konu. Þriðji lögreglumaðurinn fékk tvö ár fyrir að hafa reynt að kúga fé út úr kærasta konunnar.

Nauðgunin átti sér stað í september árið 2012. Lögreglumennirnir þrír réðust á konuna og kærasta hennar í bifreið. Tveir þeirra nauðguðu konunni, hvor á eftir öðrum, á meðan sá þriðji hélt kærasta hennar föstum.

Viðbrögð stjórnvalda voru þau að ákæra konuna fyrir siðferðisbrot, en sú ákæra var dregin til baka eftir að konan hafði skrifað bók um reynslu sína.

Málið hefur allt vakið heimsathygli og varð að eins konar prófmáli um það hvernig tekið yrði á réttindum kvenna í landinu. Árið áður hafði stjórn landsins hrakist frá völdum vegna uppreisnar almennings í arabíska vorinu svonefnda.



**MÓTMÆLI VIÐ DÓMSHÚSIÐ** Lögmaður konunnar segir dóminn allt of vægan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lögmaður konunnar, Radhia Nasraoui, segir dóminn hins vegar alltof vægan: „Þetta er hneyksli," hefur AP fréttastofan eftir henni. „Þeir neituðu öllu. Þeir voru jafnvel svo ósvífnir að segja að hún hafi leitað á þá." - gb


ftr.

Félag tæknifólks í rafiðnaði

**Tilkynning um framboðsfrest til stjórnarkjörs**

Samkvæmt 32. gr. laga Félags tæknifólks í rafiðnaði skal fara fram allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör stjórnar og trúnaðarráðs.

*32. gr.*
*Stjórn félagsins skal einum mánuði fyrir aðalfund ár hvert auglýsa frest til framboðs í trúnaðarstöður samkvæmt 22. gr. Framboðsfrestur skal vera minnst 14 sólarhringar fyrir aðalfund og skal tillögum skilað til kjörstjórnar RSÍ innan þess tíma.*

Með hliðsjón að framansögðu tilkynnist hér með að framboðsfrestur hefur verið ákveðinn til kl. 12.00 þriðjudaginn 15. apríl 2014 og ber að skila tillögum ásamt meðmælendum fyrir þann tíma á skrifstofu félagsins.

*Reykjavík 31. mars 2014.*

Stjórn Félags tæknifólks í rafiðnaði

**www.rafis.is/ftr**


# Áttatíu brottfarir og lendingar í uppnámi

Þrjú skæruverkföll flugvallarstarfsmanna gætu sett úr skorðum áttatíu lendingar og brottfarir í utanlandsflugi auk röskunar á innanlandsflugi. Isavia og flugfélögin gera áætlun til að lágmarka truflunina sem gæti orðið enn þá meiri í lok apríl.

**SAMGÖNGUR** „Ljóst er að komi til vinnustöðvunar mun það hafa í för með sér röskun á innanlandsflugi og millilandaflugi á umræddu tímabili," segir í yfirlýsingu frá Isavia vegna boðaðra verkfalla hjá um 400 flugvallarstarfsmönnum félagsins.

Þrjú félög starfsmanna á flugvöllum sem ekki hefur náðst að semja við um nýja kjarasamninga hafa samþykkt að grípa til þriggja tímabundinna vinnustöðvana nú í apríl og loks til ótímabundins verkfalls 30. apríl takist ekki að ná samningum. Þetta eru Félag flugmálastarfsmanna ríkisins, Stéttarfélag í almannaþjónustu og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Þetta eru starfsmenn á öllum flugvöllum landsins og flugöryggisverðir á Keflavíkurflugvelli.

„Það er því miður alltof mikið sem ber í milli," segir Kristján Jóhannsson, formaður Félags flugmálastarfsmanna ríkisins. Kristján kveður liðsmenn félaganna þriggja hafa gefið skýrt til kynna að þeir myndu fella samninga sem byggðu á þeirri 2,8 prósent launahækkun sem Samtök atvinnulífsins byðu.

Tímabundnu vinnustöðvanirnar eiga að vera 8., 23. og 25. apríl og standa í fimm klukkutíma í hvert sinn, frá klukkan fjögur að morgni til klukkan níu. Mikið er um að vera í áætlunarflugi á þessum tíma dags. Þannig eru um 80 brottfarir og lendingar á Keflavíkurflugvelli innan þessa tímaramma umrædda þrjá daga.

„Isavia vinnur að viðbragðsáætlun ásamt flugrekstraraðilum sem miðar að því að takmarka sem mest röskun á flugi og óþægindi sem af þeim kunna að hljótast," segir í yfirlýsingu Isavia þar sem flugfarþegum er bent á að fylgjast með tilkynningum á vefsvæðum Isavia, Keflavíkurflugvallar og flugfélaganna um breytingar sem kunna að verða á flugáætlun þegar nær dragi boðuðum aðgerðum.

Erfitt er að meta möguleikana á að samkomulag náist fyrir 8. apríl. Samkvæmt Isavia eru kröfur stéttarfélaga talsvert hærri en samið hefur verið um á almennum vinnumarkaði auk þess sem þau vilji gera samninga til skamms tíma.

„Þá hefur hugmyndum til að koma til móts við kröfur félaganna verið hafnað án efnislegrar umræðu. Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins hefur meðal annars sagt að ekkert í launaþróun þessa hóps réttlæti annað en að fylgja þeirri meginlínu sem aðilar á almennum vinnumarkaði hafa þegar samið um," segir Isavia.

Þótt vinnustöðvununum eigi að ljúka klukkan níu umrædda morgna verður ekki hægt að hefja flug strax þá, því þar sem flugöryggisverðir eru ekki við vinnu er engum, hvorki öðru starfsfólki né farþegum, hleypt inn í flugstöðina í Keflavík á meðan stöðvunin stendur. Það mun því líða nokkur tími þar til fyrstu vélar geta tekið í loftið eða lent.

Flugfélag Íslands og Flugfélagið Ernir sem stunda áætlunarflug innanlands myndu einnig verða fyrir truflunum af vinnustöðvunum.

Ingi Þór Guðmundsson, markaðsstjóri Flugfélags Íslands, segir að verið sé að skoða hvað sé hægt að gera svo farþegar verði fyrir sem minnstri röskun. „Það er líklegt að Flugfélag Íslands hefji flug klukkan níu til allra áfangastaða," segir hann.

.

gar@frettabladid.is

## KOMUR OG BROTTFARIR Í KEFLAVÍK AÐ MORGNI 8. APRÍL

| Tími | Flugnr. | Til/Frá |
|---|---|---|
| 06:15 | FI614 | New York (JFK) |
| 06:15 | FI622 | Newark, NY |
| 06:20 | FI602 | Toronto |
| 06:30 | PF107 | Alicante |
| 06:30 | FI630 | Boston |
| 06:35 | FI670 | Denver |
| 06:40 | FI692 | Edmonton |
| 06:40 | FI741 | Liege |
| 06:45 | WW201 | London Gatwick |
| 06:45 | FI680 | Seattle |
| 07:00 | WW303 | Copenhagen |
| 07:00 | BBD6810 | Dublin |
| 07:20 | FI532 | Munich |
| 07:25 | FI520 | Frankfurt |
| 07:35 | FI430 | Glasgow |
| 07:35 | FI306 | Stockholm |
| 07:40 | FI450 | London Heathrow |
| 07:40 | FI502 | Amsterdam |
| 07:40 | FI542 | Paris CDG |
| 07:45 | FI470 | London Gatwick |
| 07:45 | FI204 | Copenhagen |
| 07:50 | FI318 | Oslo |
| 08:00 | GAF501 | St. Johns |
| 08:00 | FI338 | Stavanger |
| 08:20 | EZY1805 | anchester |
| 09:00 | EZY1806 | anchester |

Heimild/Isavia

### HVENÆR VERÐA VERKFÖLLIN?

- Þriðjudaginn 8. apríl 2014. Frá klukkan 04.00 til 09.00.
- Miðvikudaginn 23. apríl 2014. Frá klukkan 04.00 til 09.00.
- Föstudaginn 25. apríl 2014. Frá klukkan 04.00 til 09.00.
- Miðvikudaginn 30. apríl 2014. Klukkan 04.00 hefst allsherjarverkfall sem stendur þar til annað verður ákveðið.




Björgólfur Jóhannsson | Sigmundur Davíð Gunnlaugsson | Friðrik Már Baldursson | Stephane Garelli | Göran Persson | Ásdís Halla Bragadóttir | Þorsteinn Már Baldvinsson | Margrét Pála Ólafsdóttir | Sigrún Ragna Ólafsdóttir

AUKIN SAMKEPPNISHÆFNI

BETRI LÍFSKJÖR ALLRA

ÁRSFUNDUR ATVINNULÍFSINS 2014

Í HÖRPU – SILFURBERGI – FIMMTUDAGINN 3. APRÍL KL. 14-16

Fundurinn verði sýndur í beinni útsendingu á vef SA.

Skráning á www.sa.is

#arsfundur

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



**NORÐURLANDARÁÐ** Sjálfbær nýting náttúruauðlinda verður á dagskrá þemaþings ráðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Norðurlandaráð á Akureyri:

## Ræða Úkraínu og makrílveiðar

**NORÐURLÖND** Búist er við að ástandið í Úkraínu, samstarf Norðurlanda og Rússlands og viðfangsefni tengd lýðræðisþróun í Úkraínu verði til umfjöllunar við upphaf þemaþings Norðurlandaráðs á Akureyri þann 8. apríl. Að öðru leyti verður þemaþingið helgað sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda, að því er segir í frétt á vef ráðsins.

Rædd verður tillaga um viðmið fyrir sjálfbæran námurekstur á Norðurlöndum og ennfremur áhrif alþjóðlegs samkomulags sem nýlega var gert um makrílveiðar í Norður-Atlantshafi. - ibs



**EKKI LOKA** Stéttarfélagið Framsýn vill að ákvörðun Vísis í Grindavík um að hætta fiskvinnslu á Húsavík verði endurskoðuð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Framsýn með yfirlýsingu:

## Vilja að Vísir hætti við lokun

**HÚSAVÍK** Stéttarfélagið Framsýn krefst þess að Vísir í Grindavík endurskoði áform um að loka starfsstöð fyrirtækisins á Húsavík um næstu mánaðamót.

Fiskvinnsla Vísis er með stærri vinnustöðum á Húsavík. Vinnslan er búin nýjum og fullkomnum vinnslulínum. Framsýn segir að gangi lokunaráformin eftir muni þau hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir starfsfólkið, þjónustuaðila og samfélagið allt við Skjálfanda.

„Í ljósi þessara staðreynda má það ekki gerast að fiskvinnslu verði hætt á vegum fyrirtækisins á Húsavík. Sá skaði verður ekki bættur,“ segir í yfirlýsingu frá félaginu. - jme

**STJÓRNSÝSLA**

### Ný reglugerð tekur gildi

Ný reglugerð um starfsábyrgðartryggingar hönnuða og byggingarstjóra hefur verið undirrituð í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, að því er segir á vef Mannvirkjastofnunar.

Ákvæði nýju reglugerðarinnar eru sögð mun skýrari og ýtarlegri en sambærileg ákvæði eldri byggingarreglugerðar. Reglugerðin tekur gildi hinn 1. júní næstkomandi.




Austur-Evrópubúar nýta sér reglur ESB og fá presta heim til sín frá Danmörku til ókeypis prestsverka:

# Danskir prestar í vinnuferðir til A-Evrópu

**DANMÖRK** Evrópusambandsborgarar eiga rétt á þjónustu dönsku þjóðkirkjunnar í heimalandi sínu hafi þeir starfað í Danmörku í einn mánuð eða lengur. Danskir prestar eru þess vegna á faraldsfæti, að því er segir á fréttavef Kristilega dagblaðsins í Danmörku.

Þar kemur fram að það séu einkum Austur-Evrópubúar sem biðja um þessa þjónustu en hana fá þeir sér að kostnaðarlausu. Þjónustan felur í sér skírn, hjónavígslu og útför í heimalandinu.

Haft er eftir formanni danska kirkjuráðsins, Anders Gadegaard, að prestum sem reglulega pakka niður í ferðatösku og halda til Austur-Evrópu fjölgi stöðugt. Hann bendir þó á að mikill hluti „nýja evrópska safnaðarins“ tali ekki ensku þannig að innan tíðar verði nauðsynlegt að ráða farandpresta með sérþekkingu á slavneskum málum.

Morten Messerschmidt, fulltrúi Danska þjóðarflokksins á Evrópuþinginu, segir þessa þróun hroðalega. Enn einu sinni komi í ljós slæmar afleiðingar stækkunar Evrópusambandsins til austurs og regluverks sambandsins.

Hann segir það ekki eðlilegt að Danir hafi yfirvald yfir kirkjum sínum. Hann tekur það fram að Evrópusambandið sé orðið alltof valdamikið og hvetur Dani til þess að krefjast þess að fá erlenda presta til Danmerkur. - ibs



**PRESTSVERK** Danskir prestar fara reglulega til Austur-Evrópu til þess að veita þar gjaldfrjálsa þjónustu.



# SKOÐUN

Frumvarp um að leyfa starfsemi spilavíta:

## Fjárhættuspilin upp á yfirborðið

Willum Þór Þórsson þingmaður hefur ásamt fleiri alþingismönnum úr Framsóknarflokki, Sjálfstæðisflokki og Bjartri framtíð lagt fram frumvarp um að heimila starfsemi spilavíta (eða spilahalla eins og þau eru kölluð í frumvarpinu).

Í frumvarpinu er gengið út frá að spilavítin þyrftu sérstakt leyfi frá ráðherra. Ströng skilyrði yrðu sett fyrir veitingu leyfanna, meðal annars um gegnsæi eignarhalds, og opinbert eftirlit haft með starfseminni. Meðal skilyrða sem frumvarpshöfundar vilja setja er að spilavítin hleypi ekki inn fólki yngra en 21 árs, að skrá skuli upplýsingar um viðskiptavinina, að þeim sem taldir eru glíma við spilafíkn séu kynnt úrræði og meðferð við henni og að viðskiptavinirnir geti sjálfir beðið um að þeim sé meinaður aðgangur að spilahöllinni.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Í greinargerð frumvarpsins segja flutningsmenn í fyrsta lagi að starfrækslа spilavíta myndi efla ferðaþjónustu, í öðru lagi að hún myndi afla aukinna tekna fyrir ríki og sveitarfélög og í þriðja lagi væri hægt að „koma starfsemi sem þegar þrífst á Íslandi í undirheimum og á netinu undir eftirlit, veita viðskiptavinum réttarvernd og senda skýr skilaboð um hverjir það eru sem eiga erindi til að stunda fjárhættuspil."

Það er ekki sízt síðasti punkturinn sem er mikilvægur. Andstaða við lögleiðingu spilavíta hefur verið mikil og fylgjendur áframhaldandi banns hafa bent á það böl sem spilafíkn er, en talið er að einhverjar þúsundir Íslendinga kunni að vera haldnar henni.

Í greinargerð með frumvarpinu er hins vegar bent á hræsnina, tvískinnunginn og feluleikina varðandi fjárhættuspil á Íslandi, sem blasa við hverjum sem vill sjá. Á Íslandi er happdrætti, lottó og getraunir leyft með sérlögum, sömuleiðis spila- og söfnunarkassar. Þá er aðgangur að erlendum veðmála- og spilasíðum á netinu auðveldur og nánast engin leið fyrir yfirvöld að takmarka hann. Loks eru starfræktir ólöglegir spilasalir, en sú starfsemi „stendur utan alls eftirlits í eins konar svartholi" eins og segir í greinargerðinni. Spilafíklarnir hafa því nóg við að vera.

Gera má ráð fyrir að meirihluti þeirra sem myndu heimsækja lögleg spilavíti séu ekki neinir spilafíklar. Margir geta spilað fjárhættuspil án þess að ánetjast þeim. Það er engin ástæða til að banna einhverja starfsemi af því að minnihluti á í vanda. Stefnan varðandi fjárhættuspilin hefur byggzt á svipuðum misskilningi og áfengispólitíkin í landinu; reynt er að takmarka alla notkun í stað þess að einbeita sér að því að fást við misnotkunina.

Spilavítabannið er sambærilegt við annan þátt áfengispólitíkurinnar; bannið við áfengisauglýsingum. Í lögunum er gert ráð fyrir að þær séu ekki til, þótt þær séu í raun út um allt, og þess vegna eru þeim ekki sett nein skilyrði og þær ekki undir neinu eftirliti.

Það er full ástæða til að lögleiða spilavítin og koma þannig því sem í dag er neðanjarðarstarfsemi upp á yfirborðið. Um leið á að nota tækifærið til að ná til spilafíklanna og nota hluta af tekjunum sem munu koma inn af starfseminni til að fjármagna meðferð þeirra. Það er miklu skynsamlegri stefna en að loka augunum fyrir tilvist fjárhættuspila á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Asnalegt á þingi

Umræðan á Alþingi getur tekið á sig hinar skringilegustu myndir. Einstaka sinnum halda alþingismenn leiftrandi skemmtilegar ræður en miklu oftar missa þeir sig í karp sem engu skilar. Hinum skelegga þingmanni sjálfstæðismanna, Ragnheiði Ríkharðsdóttur, var nóg boðið í gær undir liðnum um störf þingsins. Hún hvatti til að menn hættu karpinu. Það er asnalegt að standa hér dag eftir dag og karpa um hvor hópurinn ætlar að gera betur í skuldamálum heimilanna, fráfarandi ríkisstjórn eða sú sem nú situr, sagði Ragnheiður og hvatti menn til að taka höndum saman. Kannski að virðing Alþingis meðal almennings myndi aukast til muna ef menn tækju orð Ragnheiðar til sín.



### 40% til í óljósan flokk

MMR birti könnun í gær þar sem fylgi við nýjan hægri sinnaðan flokk var kannað. Alls sögðu tæp 40 prósent aðspurðra það koma til greina að kjósa nýjan flokk sem nyti stuðnings Þorsteins Pálssonar, fyrrverandi formanns Sjálfstæðisflokksins, í næstu alþingiskosningum. Björn Bjarnason, fyrrverandi þingmaður og ráðherra flokksins, sakar lögmanninn Svein Andra Sveinsson „og félaga" hafa staðið að könnuninni með „furðuspurningum". (Sveinn reyndar kannast ekkert við að hafa komið nálægt þessari könnun en Björn lætur það sig litlu skipta). Hann sagði spurninguna svo óljóst orðaða að ekki væri ljóst hvort það sé skilyrði fyrir stofnun hins nýja hægri flokks Sveins Andra að Þorsteinn bjóði sig fram. Það kæmi væntanlega í ljós í frekari samtölum fjölmiðlamanna við Svein sem hefðu þegar rætt spurninguna um nýjan hægri flokk við hann í um fjögur ár. Vel má vera að fjölmiðlar hafi rætt þetta mál í mörg ár við Svein – en hins vegar er ljóst að meirihluti þeirra sem styðja núverandi ríkisstjórn er tilbúinn að styðja þennan óljósa, margrædda flokk lögmannsins.

johanna@frettabladid.is, fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Byggjum brýr

DAGVISTUN



Líf Magneudóttir
varaborgarfulltrúi

Oft er snúið að koma sér aftur út í atvinnulífið eða í skólann eftir að fæðingarorlofi lýkur. Hingað til hafa einu úrræðin verið að koma börnum að hjá dagforeldrum eða inn á svokallaða ungbarnaleikskóla. Það fá ekki allir foreldrar tækifæri til þess. Félagsstofnun stúdenta tekur t.d. við börnum frá 6 mánaða aldri en til að fá pláss þarf viðkomandi að vera skráður í HÍ. Ekki geta allir nýtt sér þetta.

Sum sveitarfélög niðurgreiða heldur ekki dagvistunarúrræði í öðrum sveitarfélögum þrátt fyrir að bjóða ekki upp á þjónustu við ung börn. Það getur því verið ærið kostnaðarsamt fyrir marga að nýta sér þjónustu við ung börn. Það sama gildir um dagforeldrakerfið. Biðlistar eru langir og svo er skortur á dagforeldrum í sumum hverfum. Dagvistargjaldið er einnig hærra í báðum tilvikum heldur en í borgarreknum leikskólum og getur foreldra munað um það því ýmiss konar útgjöld fylgja börnum.

Vandinn sem blasir við er augljós. Þjónustan sem býðst foreldrum og ungum börnum er af skornum skammti og svo er fæðingarorlofið of stutt og þakið á greiðslum í því of lágt. Á síðasta kjörtímabili var stigið skref í rétta átt þegar Alþingi samþykkti lög um lengingu fæðingarorlofs. Á þessu kjörtímabili voru þau hins vegar afnumin af nýju þingi. Er það mikil afturför í málefnum barnafjölskyldna.

**➜ Ég held að það sé löngu orðið tímabært að Reykjavíkurborg gangi fram fyrir skjöldu og hefji vinnuna við það að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla.**

Við vinstri græn höfum barist fyrir því að taka börn fyrr inn í borgarrekna leikskóla. Til þess þurfum við að leggja áherslu á þjónustu við ung börn og foreldra þeirra, stækka leikskólana og laða að fleiri leikskólakennara með því m.a. að bæta starfskjör þeirra. Því miður hefur ekki verið pólitískur vilji til að forgangsraða með þessum hætti. Skrefin hafa því ekki verið stigin. Ég held að það sé löngu orðið tímabært að Reykjavíkurborg gangi fram fyrir skjöldu og hefji vinnuna við það að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Það er ekki bara þjóðhagslega hagkvæmt og sjálfsögð þjónusta við borgarbúa heldur einnig liður í því að jafna stöðu kynjanna og létta fjárhagslegar byrðar barnafjölskyldna. Við vinstri græn höldum áfram að mæla fyrir þessu þar til brúin á milli fæðingarorlofs og leikskóla verður byggð.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Sá yðar sem syndlaus er …

FJÁRMÁL



**Gunnar Þorsteinsson**
fv. framkvæmdastjóri Krossgatna

Mér finnst merkilegt hversu aðgengi þeirra sem ata aðra auri er greitt að ríkisfjölmiðlum.

Nú nýverið var ég borinn þungum sökum í Kastljósþætti Sjónvarpsins, þar sem fréttamaður fer með getsakir á hendur mér í löngu máli, þar sem hann fjallar um kröfu stjórnar Krossgatna um rannsókn á meintri vafasamri meðferð fjármuna Krossgatna. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Kastljós fer í slíka vegferð gegn mér, en fyrir rúmum þremur árum gerði Kastljós slíkt hið sama, er það flutti mál kvenna sem fóru með fáránlegar ásakanir á hendur mér sem saksóknari vísaði síðan frá. Þar fóru Kastljósmenn rangt með og brutu á mér rétt.

Fréttamaðurinn lætur þess getið að ég hafi sætt ákæru, reyndar af allt öðrum toga, og telur það upplýsandi fyrir þessa frétt og gerir síðan samanburð sem er fáránlegur. En fréttamaðurinn gætir ekki jafnræðis og upplýsir ekki að ákærandi minn, Guðmundur St. Ragnarsson lögmaður, hefur sætt kæru vegna þjófnaðar, fjárdráttar, fölsunar ársreikninga og fyrir að villa á sér heimildir.

Sú aðferð að gera kröfu um rannsókn og senda bólgin bréf í allar áttir er í hæsta máta ámælisverð. Af hverju eru þeir ekki spurðir sem að málinu koma og málið leyst með þeim hætti?

Þennan undarlega málatilbúnað verður að skoða í ljósi þess að sú stjórn sem þetta gerir situr án umboðs. Hún er skipuð af stjórn Krossins sem kosin var á ólöglegum fundi þar sem fjölmargar réttarreglur voru brotnar. Flestir þeirra stjórnarmanna sem þá voru settir inn hafa yfirgefið stjórnina og eru ekki virkir. Einn óskaði eftir að segja af sér, en honum er tjáð að það geti hann ekki nema á fundi. Það er að sjálfsögðu ekki rétt.

Enginn ársfundur var haldinn í fyrra þrátt fyrir að ítrekað væri rekið á eftir því og fyrirheit voru gefin um það.

### Óyndisúrræði

Nú er komið að aðalfundi samkvæmt samþykktum safnaðarins og ljóst er að þeir sem sitja fyrir á fleti bera mikinn kvíðboga fyrir þeim fundi og reyna með öllum tiltækum ráðum að halda sínu.

Tímasetning þessarar beiðni um rannsókn segir eiginlega allt sem segja þarf. Menn hafa gripið til þeirra óyndisúrræða að sverta mig sem þeir mega og vega að mér með þeim hætti að mér verði ekki stætt á því að halda minni baráttu áfram fyrir breytingum í stjórn Krossins.

Hér eru menn með augljósum og óábyrgum hætti að misnota fjölmiðla og réttarkerfið til að ná fram annarlegum markmiðum.

Það sjá allir sem vilja sjá að stjórn Krossins hefur brotið lög sem og samþykktir safnaðarins með framgöngu sinni. Nú skal búin til smjörklípa til að breiða yfir það.

Þessi aðför segir ekkert um mig, en fjölmargt um þá sem að henni standa.

**➜ Þessi aðför segir ekkert um mig, en fjölmargt um þá sem að henni standa.**

Auðvitað ætti að biðja um opinbera rannsókn á starfsháttum stjórnarmanna í Krossinum sem hafa með ótrúlegum lagaklækjum, svikum og fláræði barist fyrir annarlegum hagsmunum.

Ég held að sú leið sé e.t.v. ekki sú rétta heldur beri að hvetja stjórn Krossins til að fara að lögum og halda aðalfund hið fyrsta.

# Af slökum lagaskilningi orkumálastjóra

ORKUMÁL



**Sif Konráðsdóttir**
lögfræðingur

Fyrir skemmstu lagði Orkustofnun fram umdeildan lista með 91 virkjanahugmynd og bað verkefnisstjórn um vernd og nýtingu náttúrusvæða um að meta þær. Forstöðumaður Orkustofnunar kallast orkumálastjóri. Sá sem gegnir þeirri stöðu núna er ekki vel læs á lög, ef marka má yfirlýsingar hans um að stofnun hans hafi verið skylt að gera þetta.

Í ljós kemur nefnilega að meirihluti hugmyndanna, eða alls 50 hugmyndir, er settur fram að frumkvæði stofnunarinnar sjálfrar. Ekkert orkufyrirtæki bað um mat á þeim. Staðreyndin er sú, þvert á það sem sitjandi orkumálastjóri hefur látið hafa eftir sér, að lög mæla alls ekki fyrir um þetta. Lögin skylda Orkustofnun einungis til að setja fram skilgreindar hugmyndir orkufyrirtækja. Þær eru miklu færri.

Engin lög mæla sumsé fyrir um skyldu Orkustofnunar til að senda verkefnisstjórn sínar eigin virkjanahugmyndir. Vissulega er sleginn sá varnagli í lögum að stofnuninni sé heimilt að setja fram sínar virkjanahugmyndir. En það er bara heimild. Orkumálastjóri þyrfti því að setja fram rökstuðning fyrir því að stofnun hans ætti að beita þessari lagaheimild um hverja einstaka hugmynd. Það blasir síður en svo við af hverju stofnunin mætti beita henni.

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**



S A F T

SFR
STÉTTARFÉLAG
Í ALMANNAÞJÓNUSTU

*Kynntu þér kjarasamninginn – taktu afstöðu!*

## SFR STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

### KYNNINGARFUNDIR UM KJARASAMNING SFR & RÍKISINS

*SFR stéttarfélag í almannaþjónustu skrifaði undir kjarasamning við ríkið þann 28. mars síðastliðinn. Samningurinn gildir frá 1. mars 2014 til 30. apríl 2015 og tekur til tæplega fjögur þúsund félagsmanna SFR. Rafræn atkvæðagreiðsla um samninginn verður 8.-16. apríl næstkomandi.*

***SFR hvetur alla félagsmenn að kynna sér vel efni samningsins og greiða um hann atkvæði.***

**OPNIR KYNNINGARFUNDIR Í REYKJAVÍK**
**Miðvikudaginn 2. apríl, kl. 8:20**, Grettisgötu 89, 1. hæð.
**Fimmtudaginn 10. apríl, kl 16:30**, Grettisgötu 89, 1. hæð.

**ALMENNIR KYNNINGARFUNDIR UM ALLT LAND**
**Reykjanesbær:** Miðvikudaginn 2. apríl, kl. 16:15, Hótel Keflavík
**Akureyri:** Fimmtudaginn 3. apríl, kl. 9:00, Hótel KEA
**Sauðárkrókur:** Fimmtudaginn 3. apríl, kl. 12:30, Kaffi Krókur
**Blönduós:** Fimmtudaginn 3. apríl, kl. 15:00, Eyvindarstofa
**Selfoss:** Föstudaginn 4. apríl, kl. 9:30, Hótel Selfoss
**Egilsstaðir:** Mánudaginn 7. apríl, kl.16:15, Hótel Hérað, B salur
**Ísafjörður:** Miðvikudaginn 9. apríl, kl. 15:30, Hótel Ísafjörður
**Borgarnes:** Fimmtudaginn 10. apríl, kl. 12:00, Landnámssetrið
**Akranes:** Fimmtudaginn 10. apríl, kl.16:30, Suðurgata 62 (húsnæði St.Rv.)

**KYNNINGARFUNDIR FYRIR EINSTAKA STOFNANIR**
**Landspítali Fossvogur:** Miðvikudaginn 2. apríl, kl. 16:15, (Blásalir, 7. hæð)
**Landspítali Hringbraut:** Fimmtudaginn 3. apríl, kl. 16:15, (Ásinn inn af mötuneyti)
**Litla Hraun:** Föstudaginn 4. apríl, kl. 12:00
**Vinnumálastofnun:** Mánudaginn 7. apríl, kl. 15:00
**Ríkisskattstjóri:** Mánudaginn 7. apríl, kl. 15:45, Laugavegi 166, 4. hæð, (einnig í fjarfundi)
**Tryggingastofnun og Sjúkratryggingar:** Þriðjudaginn 8. apríl, kl. 16, Grettisgötu 89, 1. hæð
**Tollstjórinn:** Þriðjudaginn 8. apríl, kl. 8:15 og kl. 9:00, Kvosin
**Landhelgisgæslan:** Þriðjudaginn 8. apríl, kl. 16:15, Lundur
**Sýslumaðurinn í Kópavogi:** Þriðjudaginn 8. apríl, kl. 15:30, 3. hæð
**Sýslumaðurinn í Hafnarfirði:** Miðvikudaginn 9. apríl, kl. 15:30, Bæjarhrauni 18
**Sýslumaðurinn í Reykjavík:** Fimmtudagurinn 10. apríl, kl. 15:30, Skógarhlíð 6
**Háskóli Íslands:** Fimmtudaginn 10. apríl, kl. 16:15, Oddi 202
**Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins:** Föstudaginn 11. apríl, kl. 12:10, 1. hæð

# Einar Farestve



KitchenAid
FOR THE WAY IT'S MADE.

**KitchenAid Artisan hrærivélin**
Frábær kaupauki, ísgerðarskál, Mandolin sett ásamt matreiðslubók á íslensku, fylgir með. Hrærivélin fæst í 27 mismunandi litum!



KAUP AUKI
AÐ VERÐMÆTI
**32.980**



SEVERIN
Severin MW9709 ÖRBYLGJUOFN
TILBOÐ **9.990**
VERÐ ÁÐUR **16.990**

**40%**
AFSLÁTTUR



SEVERIN
Severin KS9825/9526 - 85x55sm
KÆLISKÁPUR MEÐ EÐA ÁN FRYSTI
TILBOÐ **29.990**
VERÐ ÁÐUR **59.990**

**50%**
AFSLÁTTUR



KitchenAid
OFNAR, HELLUBORÐ OG UPPÞVOTTAVÉLAR

**35%**
AFSLÁTTUR



Blomberg
ÖLL BLOMBERG HEIMILISTÆKI MEÐ 40% AFSLÆTTI

**40%**
AFSLÁTTUR



Candy
ÖLL CANDY HEIMILISTÆKI MEÐ 40% AFSLÆTTI

**40%**
AFSLÁTTUR













Í fimmtíu ár hefur Einar Farestveit & Co. þjónustað landsmenn, fyrst með skipsvélum og sjónvarpstækjum, en hin síðari ár með heimilistækjum af öllum stærðum og gerðum, tækjum til upphitunar og loftræstingar auk lækningatækja.

# it & Co. 50 ára!

# Afmælishátíð 2.-5. apríl

## Einstök afmælistilboð!



Saeco

Saeco HD8768
Molito KAFFIVÉL

TILBOÐ **89.990**

VERÐ ÁÐUR **149.990**

**40% AFSLÁTTUR**

Saeco

Saeco HD8750
Intuita KAFFIVÉL

TILBOÐ **49.990**

VERÐ ÁÐUR **79.990**

**38% AFSLÁTTUR**





SEVERIN

Severin WA2103 VÖFFLUJÁRN

TILBOÐ **2.990**

VERÐ ÁÐUR **5.990**

**50% AFSLÁTTUR**



KitchenAid

Kitchenaid 5KEK1522
HRAÐSUÐUKETILL - 6 litir

TILBOÐ **19.990**

VERÐ ÁÐUR **39.990**

**50% AFSLÁTTUR**



WÖSAB

Wösab RAFMANGSOFN
1000w Konvektor, 90x60sm

TILBOÐ **14.990**

VERÐ ÁÐUR **24.990**

**40% AFSLÁTTUR**



OSO HOTWATER

OSO EK15 GEGNUMSTREYMISHITARI

TILBOÐ **94.990**

VERÐ ÁÐUR **189.990**

**40% AFSLÁTTUR**



Kitchenaid KSB45EWH
HVÍTUR CLASSIC BLANDARI

TILBOÐ **18.990**

VERÐ ÁÐUR **37.990**

**50% AFSLÁTTUR**

**Tilboðin gilda 2. - 5. apríl eða meðan birgðir endast.**

EF 50
1964 - 2014

**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# TÍMAMÓT

†

Móðir okkar og fósturmóðir,

**SIGRÚN SIGURÐARDÓTTIR**
**Eskifirði,**



lést 30. mars. Útför hennar fer fram frá Eskifjarðarkirkju þriðjudaginn 8. apríl kl. 14.00.

**Sigurborg Hilmarsdóttir**
**Hilmar Hilmarsson**
**Sonja Hilmars**

---

Kær systir okkar,

**ÁSLAUG GUNNARSDÓTTIR**
**frá Flatey á Skjálfanda,**
**Hraunbæ 124, Reykjavík,**



lést þann 30. mars sl. Útförin fer fram frá ríkissal Votta Jehóva, Hraunbæ 113, Reykjavík, mánudaginn 7. apríl kl. 14.00.

**Þorgerður, Guðrún og Kristmann.**

---

†

Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**LILJA HALLDÓRA GUÐNADÓTTIR**
**Hæðargarði 35,**



verður jarðsungin frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 3. apríl kl. 13.00

**Sóldís Kjartansdóttir Russell**
**Marty Russell**
**Benjamín M. Kjartansson** **Anna Kristín Guðbrandsdóttir**
**Bryndís Kjartansdóttir** **Sturla Halldórsson**
**Helgi Kjartansson** **Kristín Sigurðardóttir**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

---

†

Ástkær móðir mín,
tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN EINARSDÓTTIR**
**Aflagranda 40, Reykjavík**
**(áður Skipholti 32),**



lést á Landspítala að morgni 30. mars.
Útförin auglýst síðar.

**Guðmundur Jón Elíasson** **Sigríður Valsdóttir**
**Elías Freyr Guðmundsson** **Kristbjörg Magdal Kristinsdóttir**
**Valur Árni Guðmundsson** **Lára Hrönn Hlynsdóttir**
**Eva María Guðmundsdóttir**
**Elvar Jón Guðmundsson**
**og langömmubörnin.**

---

†

Elsku mamma, tengdamamma,
amma og langamma,

**SÓLVEIG ÞÓRÐARDÓTTIR**
**(Lolla)**



lést í faðmi fjölskyldunnar 17. mars sl. og hefur útförin farið fram í kyrrþey í Hafnarfirði. Kærar þakkir til þeirra sem hafa sýnt okkur hlýhug og stuðning. Einnig eru starfsfólki á Sólvangi í Hafnarfirði færðar þakkir fyrir frábæra umönnun og einlæga umhyggju.

**Þórður Sverrisson** **Hafrún Dóra Júlíusdóttir**
**Ingibjörg G. Sverrisdóttir**
**og fjölskylda.**

---

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar
tengdamóðir, amma og langamma,

**UNNUR J. JÓNSDÓTTIR**
**Grandahvarfi 6a,**



er látin. Útförin verður auglýst síðar.

**Björn Guðmundsson**
**Margrét Björnsdóttir** **Einar Hákonarson**
**Sigrún Björnsdóttir**
**Guðrún Björnsdóttir** **Sigurður Á. Sigurðsson**
**Jón Axel Björnsson** **Vilhelmína Einarsdóttir**
**Unnur Ýr Björnsdóttir** **Magnús Bogason**
**ömmu- og langömmubörn.**

---

†

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug
við andlát og útför eiginmanns, föður,
tengdaföður, sonar, tengdasonar,
bróður, mágs og afa,

**GUÐMUNDAR ÓLAFS GARÐARSSONAR**
**Ólafsfirði.**



**Þuríður Sigmundsdóttir**
**Garðar Guðmundsson** **Þ. Kristín Guðmundsdóttir**
**Guðrún Elísabet Guðmundsdóttir** **Sindri Valdimarsson**
**Halldór Ingvar Guðmundsson** **Guðbjörg Ýr Víðisdóttir**
**Garðar Guðmundsson** **Helga Torfadóttir**
**Guðrún Elísabet Víglundsdóttir** **Sigmundur Agnarsson**
**Halldóra Garðarsdóttir** **Maron Björnsson**
**Ólöf Garðarsdóttir** **Barði Jakobsson**
**Hannes Garðarsson** **Steinunn Aðalbjarnardóttir**
**Salka Björk, Guðmundur Orri, Þuríður Lilja og Kjartan Ólafur.**

---

†

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**PÁLL GÍSLASON**



lést á Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar 18. mars. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Ólöf og Ari**
**Jóhanna og Þorsteinn**
**Guðmundur**
**Ágústa**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**SIGURBJARGAR JÓHÖNNU ÞÓRÐARDÓTTUR**
**kennara.**



Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir góða umönnun og hlýju.

**Unnsteinn Þórður Gíslason**
**Magnús Gíslason**
**Kristján Gíslason** **Guðrún Benedikta Elíasdóttir**
**Gísli Örn Gíslason** **Birna Bjarnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og bróðir,

**ÞORSTEINN SVEINBJÖRNSSON**
**Kríulandi 3, Garði,**



lést á Landspítalanum þann 28. mars sl. Jarðarförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 3. apríl kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Hjartavernd.

**Gerður Einarsdóttir**
**Ingibjörg Þorsteinsdóttir** **Ólafur Ingvar Kristjánsson**
**Sveinbjörn Gísli Þorsteinsson**
**Einar Hans Þorsteinsson** **Hulda Íris M. Eiríksdóttir**
**Þóra Þorsteinsdóttir** **Hreinn Ágúst Kristinsson**
**Sigurður Sveinbjörnsson** **Guðbjörg Björnsdóttir**

---

†

Elskulegur eiginmaður, faðir, sonur,
tengdasonur, bróðir og mágur,

**SVAVAR GUÐNI GUÐNASON**
**Veghúsum 17,**



lést á Landspítalanum í Fossvogi 30. mars sl. Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju mánudaginn 7. apríl klukkan 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð. Þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarreikning barna hans, 0528-14-403003, kt. 040805-2490.

**Brynhildur Dögg Guðmundsdóttir**
**Karen Dögg, Alexander Guðni og Elvar Breki**

**Guðni B. Svavarsson** **Kristín G. Ólafsdóttir**
**Guðmundur St. Sigmundsson** **Elvira Viktorsdóttir**
**Elín H. Guðnadóttir** **Stefán Einarsson**
**María B. Guðnadóttir**
**Elín Ósk Guðmundsdóttir** **Kristján Karl Kolbeinsson**

---

†

Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**MARGRÉT BJÖRNSDÓTTIR**
**frá Neistastöðum í Flóa,**



lést á hjúkrunarheimilinu Mörk í Reykjavík föstudaginn 28. mars. Útför hennar verður gerð frá Áskirkju í Reykjavík föstudaginn 4. apríl kl. 13.00. Að lokinni bálför verður jarðsett síðar í Hraungerðiskirkjugarði.

**Björn Sigurðsson** **Sigríður Júlía Bjarnadóttir**
**Soffía Sigurðardóttir** **Sigurður Ingi Andrésson**
**Stefanía Sigurðardóttir** **Björn Jónsson**
**Guðbjörg Sigurðardóttir** **Stefán Aðalsteinsson**
**Sigurður B. Sigurðsson** **Tinna Ómarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**MARGRÉT MAGNÚSDÓTTIR**



lést á lungnadeild Landspítalans í Fossvogi sunnudaginn 30. mars sl. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 7. apríl kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Landspítalann.

**Guðmundur Sigurþórsson**
**Erna Bjargey Guðmundsdóttir** **Rúnar Vernharðsson**
**Sigurþór Guðmundsson** **Ólöf Ásta Þorsteinsdóttir**
**Margrét Rúnarsdóttir**
**Berglind Rúnarsdóttir** **Þráinn Árni Baldvinsson**
**Nanna Björk Rúnarsdóttir** **Björn Unnar Valsson**
**Auður Ýr Sigurþórsdóttir** **Veigar Pálsson**
**Guðmundur Sigurþórsson**
**Bryndís Ýr Sigurþórsdóttir**
**og barnabarnabörn.**

---

†

**ÁSLAUG GEORGSDÓTTIR**
**frá Kolgröfum,**
**Eyrarsveit,**



lést 29. mars sl. Útför hennar fer fram frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 5. apríl kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Jóhanna Stefánsdóttir**

---

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**NJÁLL ÞORGEIRSSON**
**Fannborg 8, Kópavogi,**



áður til heimilis að Laufásvegi 10, Stykkishólmi, lést fimmtudaginn 27. mars. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 4. apríl kl. 13.00.

**Guðríður Þórðardóttir**
**Þórður Viðar Njálsson** **Auður Stefnisdóttir**
**Jóhanna Sigríður Njálsdóttir** **Ellert Vigfússon**
**Þorgeir Ingi Njálsson** **Kristjana Aradóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---


**TILBOÐSDAGAR**
**legsteinar og fylgihlutir**
**10-50% afsláttur**
**Mikið úrval - Vönduð vinna**

Marmari
Granít
Blágrýti
Gabbró
Líparít

**Steinsmiðjan Mosaik**
**Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is**


---

†

Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**MARGRÉTAR STEFÁNSDÓTTUR**



**Stefán Baldursson** **Þórunn Sigurðardóttir**
**Þorgeir Baldursson** **Regína Arngrímsdóttir**
**Vignir Baldursson** **Birna Ásgeirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 2. apríl 2014 | 26. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

FINGRAFÖRIN OKKAR ERU ALLS STAÐAR!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN



## EFTIR ENDURREISN ÞARF UPPBYGGINGU

- Viðtal við Þorkel Sigurlaugsson, stjórnarformann Framtakssjóðs Íslands.
- Sjóðurinn hefur greitt hluthöfum sínum 27,5 milljarða í arð frá stofnun árið 2009.
- Vilja nýjan sjóð sem leggur áherslu á uppbyggingu innviða samfélagsins.

SÍÐA 6-7

## Erum enn bara hálfdrættingar

Umfang kauphallarviðskipta er hér enn lítið í samanburði við nágrannaþjóðirnar. Þetta kom fram í máli Höskuldar H. Ólafssonar, bankastjóra Arion banka, við upphaf Kauphallardaga í bankanum í gær. Þeir eru haldnir í fjórða sinn og lýkur í dag.

„Á síðasta ári var meðalvelta hlutabréfa í Kauphöllinni á dag nærri einn milljarður króna, sem samsvarar þreföldun frá árinu á undan. Markaðsvirði skráðra félaga er svo orðið um þriðjungur af vergri landsframleiðslu þannig að markaðurinn er nálægt því hlutfallslega að vera hálfdrættingur á við það sem gerist í löndunum sem við berum okkur helst saman við,“ sagði hann. Að þessu sinni kynna 17 félög starfsemi sína á Kaupahallardögum Arion banka, bæði skráð félög og önnur sem stefna á skráningu. - óká

## Úrvalsvísitölunni breytt í júlí

Félögum í úrvalsvísitölu Kauphallarinnar, Nasdaq OMX Iceland, verður fjölgað úr sex í átta í sumar.

Breytingin tekur gildi 1. júlí næstkomandi og þá verður nafni og auðkenni vísitölunnar breytt í OMX Iceland 8 (OMX8).

„Uppbyggingu íslenska hlutabréfamarkaðarins miðar vel. Nýlegar skráningar hafa breytt markaðnum og skráningarhorfur eru góðar. Fjölgun félaga í Úrvalsvísitölunni OMX Iceland 8 endurspeglar þá þróun sem hefur orðið á undanförnum árum,“ sagði Magnús Harðarson, aðstoðarforstjóri Kauphallarinnar, í tilkynningu um breytingarnar. - hg

## Stækkun verksmiðju miðar vel

Vonast er til að stækkun fiskimjölsverksmiðju HB Granda á Vopnafirði ljúki innan skamms. Verksmiðjan hefur starfsleyfi fyrir framleiðslu upp á 850 tonn af hráefni á sólarhring en framleiðslugetan verður aukin upp í 1.150 tonn.

„Þetta er mjög stór framkvæmd. Við bætum við nýjum loftþurrkara, mjölvindu, mjölkæli, eimingartækjum og pressu,“ segir Sveinbjörn Sigmundsson, verksmiðjustjóri HB Granda á Vopnafirði, í frétt á heimasíðu sjávarútvegsfyrirtækisins.

Verkið hefur að hans sögn að mestu leyti verið í höndum Héðins hf. en ýmsir undirverktakar hafa einnig komið að stækkuninni. - hg



## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**7** **Á UPPLEIÐ** Félög sem hækkuðu í verði

**5** **Á NIÐURLEIÐ** Félög sem lækkuðu í verði

**1** **STÓÐU Í STAÐ** Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

**VODAFONE** **14,3%** frá áramótum

**BANK NORDIC** **3,3%** í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

**MAREL** **-21,4%** frá áramótum

**N1** **-10,1%** í síðustu viku

### Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Atlantic Airways (DKK) | 144,00 | -5,9% | 0,0% |
| Bank Nordic (DKK) | 110,00 | -15,4% | 3,3% |
| Eimskipafélag Íslands | 235,00 | -10,3% | -0,6% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 31,15 | 14,3% | 2,5% |
| Hagar | 41,75 | 8,7% | 0,1% |
| Icelandair Group | 17,70 | -2,7% | -4,3% |
| Marel | 104,50 | -21,4% | -1,4% |
| N1 | 16,50 | -12,7% | -10,1% |
| Nýherji | 3,49 | -4,4% | -1,7% |
| Reginn | 16,50 | 6,1% | 0,3% |
| Tryggingamiðstöðin | 29,75 | -7,2% | 0,2% |
| Vátryggingafélag Íslands | 9,60 | -11,0% | 2,0% |
| Össur | 252,00 | 10,0% | 0,8% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI6** | 1.180,87 | -6,3% | -0,3% |

### First North Iceland

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Century Aluminum | 1150,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 19,50 | 47,2% | -6,7% |
| HB Grandi | 30,00 | 36,4% | -3,2% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,22 | 0,0% | 0,0% |

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 2. apríl**
- Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum

**Fimmtudagur 3. apríl**
- Vöruskipti við útlönd í mars 2014, bráðabirgðatölur
- Aðalfundur Atlantic Airways

**Föstudagur 4. apríl**
- Gistinætur á hótelum í febrúar 2014
- Fjármáladagurinn 2014

**Mánudagur 7. apríl**
- Helstu liðir í efnahagsreikningi SÍ og gjaldeyrisforði

**Þriðjudagur 8. apríl**
- Fjöldi þinglýstra leigusamninga um íbúðarhúsnæði eftir landshlutum
- Aðalfundur Regins hf. 2014

**Miðvikudagur 10. apríl**
- Efnahagslegar skammtímatölur í apríl 2014
- Aðalfundur Regins hf. 2014

**Föstudagur 11. apríl**
- Gjaldeyrisforði og tengdir liðir
- Þjóðhagsspá

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*










Nýskráningum fólksbíla hefur fjölgað um 18,1% á árinu miðað við sama tíma 2013:

# Bílasala jókst um 8,9% í mars

Sala á nýjum fólksbílum jókst um 8,9 prósent í mars miðað við sama mánuð 2013. Alls 1.574 fólksbílar voru skráðir á fyrstu þremur mánuðum ársins en það er aukning um 18,1 prósent.

Þegar tölur Samgöngustofu um nýskráningar eru skoðaðar sést að bílaumboðið BL ehf. hefur það sem af er ári verið með mestu markaðshlutdeildina.

„Við finnum að fólk er aðeins að fara af stað en mikið þarf að hreyfast í viðbót til að markaðurinn nái einhverju jafnvægi,“ segir Erna Gísladóttir, forstjóri BL.

Erna segir sendibíla einnig hafa selst betur en í fyrra og nefnir aukningu um 79 prósent á milli ára.

„Við höfum fundið hægt og rólega að fyrirtækin eru að reikna út og hafa meira pláss og sjá fram á fleiri verkefni. Það er oft fyrsta merkið og síðan kemur almenningur oft svolítið á eftir,“ segir hún.

„Við finnum að menn eru að skipta yfir í töluvert sparneytnari og minni dísilbíla og landinn kannski farinn að hugsa meira út heildarkostnaðinn.“

**- hg**



**AUKNING** Bílaumboðin seldu alls 537 nýja bíla í mars. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Skoða tilboð í leigu á nítjándu í Turninum

***Veitingastaðnum Turninn nítjánda var lokað í síðasta mánuði. Eik fasteignafélag á í viðræðum um að leigja út hluta húsnæðisins undir skrifstofur. Félagið tók við rekstri byggingarinnar í janúar.***

**VIÐSKIPTI**
**Haraldur Guðmundsson** | haraldur@frettabladid.is

Eik fasteignafélag á í viðræðum um að leigja út hluta nítjándu hæðar Turnsins á Smáratorgi undir skrifstofur. Veitingastaðnum Turninn nítjánda var lokað í síðasta mánuði en hann var rekinn á nítjándu og tuttugustu hæð byggingarinnar.

„Við erum með tilboð í leigu á talsverðum hluta af nítjándu hæðinni sem við gerum ráð fyrir að við munum taka. Það þýðir að það verður veruleg breyting á húsnæðinu. Ég á síður von á því að þarna verði áfram veitingastarfsemi en ég þori ekki að fullyrða um það á þessum tímapunkti,“ segir Vilhelm Patrick Bernhöft, framkvæmdastjóri eignasviðs Eikar fasteignafélags.

Turninn nítjánda var í eigu Betri turns ehf. Samkvæmt ársreikningi félagsins fyrir árið 2012 tapaði það 3,4 milljónum króna það ár og 7,8 milljónum árið 2011. Þorsteinn Hjaltested, oftast kenndur við jörðina Vatnsenda, er þar skráður sem framkvæmdastjóri, stjórnarmaður og eigandi 41 prósents hlutar.

Í ágúst síðastliðnum var gengið frá kaupum Eikar á fimm fasteignum, þar á meðal Turninum, sem áður voru í eigu SMI ehf.



**TURNINN** Á nítjándu hæð byggingarinnar var hádegisverðarstaður ásamt veislu-, ráðstefnu og fundasölum. Veislusalir, bar og setustofa voru á tuttugustu hæðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Við tókum við rekstrinum á byggingunni í lok janúar en tókum við lyklunum af eigendum Betri turns fyrir tólf dögum,“ segir Vilhelm.

Betri turn rak meðal annars hádegisverðarstað á nítjándu hæðinni. Þar gátu starfsmenn fyrirtækja í húsinu keypt hádegismat og lokunin hefur því áhrif á aðra leigjendur í Turninum.

„Við erum að leita lausna varðandi mötuneytismál í húsinu. En við þurfum að meta hvort okkar hag og okkar hluthafa sé betur varið með því að vera þarna með skrifstofur eða veitingastað. Og ef verðið sem við fáum fyrir skrifstofur er hærra en við værum að fá fyrir veitingastað þá er svarið augljóst,“ segir Vilhelm. Hann undirstrikar að Eik muni standa við samninga um leigu á veislusölum undir fermingar og aðrar veislur í apríl og maí.

„Við munum klára þær bókanir en við fengum Múlakaffi til að sinna því fyrir okkur.“

Að kenna karlmönnum að þukla á sjálfum sér dæmi um vel heppnaða herferð:

# Íslenskar auglýsingar í kennsluefni í Bandaríkjunum

Íslenskar auglýsingar eru notaðar sem dæmi um vel heppnaðar auglýsingar eða auglýsingaherferðir í nýjustu útgáfu bandarísku kennslubókarinnar Advertising & IMC. Bókin er eitt helsta kennslurit í markaðsfræðum sem notað er í bandarískum háskólum og víðar.



**INGVI JÖKULL LOGASON**

Í bókinni er heill kafli tileinkaður árveknisátakinu Mottumars, sem Krabbameinsfélagið hefur staðið fyrir. Í allt eru fimm íslenskar auglýsingar teknar fyrir í bókinni; fyrsta Mottumars-herferðin frá árinu 2010, Íslenska lambakjötið, Honda, Skeljungur og Sorpa. H:N Markaðssamskipti eiga heiðurinn að öllum auglýsingunum en Ingvi Jökull Logason, framkvæmdastjóri H:N, er einn þeirra sem leggja til efni í bókina. Í bókinni er einnig rætt við Ingva Jökul um hvernig hugmyndir verða til.

„Það er mikill heiður að efni frá íslenskri stofu sé notað í kennslubók af þessu tagi,“ segir Ingvi Jökull. „Markaðurinn á Íslandi er að mörgu leyti óvenjulegur, ekki síst vegna smæðarinnar. Það þýðir að oft eru mælanleg áhrif auglýsingaherferða frekar skýr.“

Þetta er í fimmta sinn sem ritstjórar Advertising & IMC nota efni frá H:N Markaðssamskiptum en útgáfan í ár er sú tíunda í röðinni. Ingvi Jökull er eini Íslendingurinn sem hefur verið fenginn til að skrifa í hana en hann er jafnframt einn af tólf markaðsmönnum, víðsvegar að úr heiminum, sem skipa sérfræðingaráð bókarinnar.

**- fbj**



**KENNSLUBÓKIN** Fimm íslenskar auglýsingar eru teknar fyrir í kennslubókinni.

ENNEMM / SÍA / NM61047














**Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel**

Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Þekking sprettur af áhuga

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af ráðgjöf við stór og smá fyrirtæki og hefur víðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

Dótturfélag sænska fjarskiptarisans TeliaSonera hefur keypt Síminn Danmark:

# Síminn seldi danskt dótturfélag

Fjarskiptafélagið Síminn hefur selt Síminn Danmark, dótturfélag Símans í Danmörku, til Telia Danmark, dótturfélags sænska fjarskiptarisans TeliaSonera.



**ORRI HAUKSSON**

Kaupverðið er trúnaðarmál. Salan hefur ekki veruleg áhrif á efnahag Símans en mun hafa jákvæð áhrif á sjóðstreymi, samkvæmt tilkynningu félagsins.

Síminn Danmark var stofnað í kjölfar kaupa Símans á tveimur fjarskiptafyrirtækjum í Danmörku árið 2007. Félagið hefur sérhæft sig í lausnum á fyrirtækjamarkaði og tekjur þess námu 83,4 milljónum danskra króna á síðasta ári, tæplega 1.750 milljónum íslenskra króna. Um 2.880 fyrirtæki eru í viðskiptum við félagið.

„Salan á Símanum Danmark er liður í þeirri stefnu okkar að einbeita okkur að starfseminni á Íslandi, sem kom meðal annars fram í skipulagsbreytingunum sem gerðar voru á samstæðunni í febrúar síðastliðnum," segir Orri Hauksson, forstjóri Símans, í tilkynningunni. - hg

Viðskiptaráð Íslands hefur ráðið nýjan lögfræðing:

# Marta Blöndal til VÍ

Marta Guðrún Blöndal hefur verið ráðin lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands (VÍ).



**MARTA GUÐRÚN BLÖNDAL**

Hún mun sinna lögfræðilegri ráðgjöf gagnvart framkvæmdastjóra og stjórn, umsagnagerð, skýrsluskrifum og fleiri verkefnum.

Í tilkynningu VÍ um ráðninguna segir að Marta hafi áður starfað sem fulltrúi á Juris lögmannsstofu og sem starfsmaður upptökunefndar. Hún hafi að mestu starfað á sviði eignaréttar, samkeppnisréttar og félagaréttar. - hg



**Í PORTÚGAL** Íslenska sendinefndin og fulltrúar umhverfis- og orkumálaráðuneytis og heimastjórnar Asóreyja funduðu á eyjunni Terceira. MYND/ORKUSTOFNUN

Iðnaðarráðherra kynnti jarðvarmaverkefni í Portúgal:

# Vilja nýta þekkingu Íslendinga á jarðhita

„Samstarfið við Portúgal lofar mjög góðu og með þessari ferð og erindum íslenskra ráðgjafafyrirtækja þá kann að vera að samskipti landanna aukist á næstu árum," segir Jónas Ketilsson, verkefnisstjóri hjá Orkustofnun.

Hann var á sunnudag staddur á Asóreyjum í Portúgal ásamt íslenskri sendinefnd sem fylgdi Ragnheiði Elínu Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, þegar samstarfsáætlun Þróunarsjóðs EFTA á sviði jarðvarma á Asóreyjum var kynnt.

„Það kom skýrt fram á tvíhliða fundi forseta heimastjórnar Asóreyja og iðnaðarráðherra að það væri sterkur vilji af þeirra hálfu að nýta þekkingu Íslendinga á sviði jarðhita til raforkuvinnslu og einnig til beinnar nýtingar," segir Jónas. Hann segir fundarmenn einnig hafa rætt reynslu heimamanna af nýtingu vindorku.

Í frétt á heimasíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins segir að ráðherra hafi einnig fundað með aðstoðarorkumálaráðherra Portúgals, Artur Trindale, um mögulega samvinnu ríkjanna á sviði orkumála. Þar sé meðal annars horft til aðkomu Þróunarsjóðs EFTA.

„Tveir portúgalskir nemendur munu koma til Íslands í vor og sækja sex mánaða nám Jarðhitaskólans og einnig verða haldin sér námskeið á Asóreyjum, en megináhersla samstarfsáætlunarinnar er að reisa þriggja megavatta jarðvarmavirkjun á eyjunni Terceira," segir Jónas. - hg

# LBI hf. fengi 29,5 og Glitnir 11,9 milljarða

***Tilboð auðjöfurs í House of Fraser kann að raska áætlunum um skráningu. Sanpower Group vill kaupa á jafnvirði 84,4 milljarða króna. Stjórnarformaðurinn vill selja. LBI hf. og Glitnir eiga 49%.***

**EFNAHAGSMÁL**
**Óli Kristján Ármannsson** | olikr@frettabladid.is

Sanpower Group, ein stærsta fyrirtækjasamstæða sem er í einkaeigu í Kína, á í viðræðum sem eru langt komnar um kaup á bresku verslanakeðjunni House of Fraser, á 450 milljónir punda, eða sem svarar ríflega 84,4 milljörðum íslenskra króna. Frá þessu var greint í fjölmiðlum í Bretlandi í vikunni.

Highland Group, félag í eigu þrotabúa gamla Landsbankans (LBI hf.) og Glitnis banka, eru sögð eiga 49 prósent í House of Fraser. Verði af sölunni renna því tæplega 41,4 milljarðar króna til Highland Group.

Félagið var í eigu BG Holding, dótturfélags Baugs, en íslensku bankarnir föllnu gengu þar að veðum snemma árs 2009.

Fram kom í tilkynningu gamla Landsbankans í febrúarbyrjun 2009 að tekinn hafi verið yfir 34,9 prósenta eignarhlutur í HoF. Samkvæmt heimildum blaðsins er sá eignarhlutur óbreyttur og hlutur Glitnis því 14,1 prósent. Hlutur þrotabúa bankanna, gangi salan á House of Fraser eftir, yrði því sem svarar 29,5 og 11,9 milljörðum króna.

Sanpower Group er í eigu kínverska auðjöfursins Yuan Yafei og er með starfsemi á sviði fjármála, eignaumsýslu, fjölmiðla, samgangna og upplýsingatækni. Um 30 þúsund manns í 100 fyrirtækjum vinna hjá samstæðunni sem veltir, að sögn The Scotsman, sem svarar 938 milljörðum króna á ári.





**HOUSE OF FRASER** Vörur voru seldar í HoF fyrir 1,2 milljarða punda í fyrra, eða 225 milljarða króna. MYND/VISMEDIA

Í umfjöllun Guardian er frá því greint að Don McCarty, stjórnarformaður HoF, sem fer með fimmtungshlut í félaginu, hafi þegar samþykkt boð Sanpower og leggi að öðrum hluthöfum að gera það líka. Vísað er til umfjöllunar Sunday Times í þeim efnum, en blaðið greindi fyrst frá því að viðræður stæðu yfir um kaup Sanpower Group á HoF.

The Scotsman segir að skoski fjárfestirinn Sir Tom Hunter eigi yfir tíu prósenta hlut í HoF og gæti við söluna fengið í sinn hlut nærri 50 milljónir punda, eða um og yfir sem svarar níu milljörðum króna.

Komi til þess verður blásin af fyrirhuguð skráning HoF í Lundúnakauphöllina síðar á þessu ári. Frá því hefur verið greint að stefnt hafi verið að því að 450 milljónir punda fengjust í almennu hlutafjárútboði HoF fyrir skráningu.

Heimildir Guardian herma að bankamenn frá Rothschild, HSBC og Numis, haldi áfram að undirbúa útboðið og markaðsskráningu félagsins, samhliða því sem viðræðum verður haldið áfram um söluna til Sanpower Group.

Fylgstu með fyrirtækinu í snjallsímanum eða spjaldtölvunni



Hágæða eftirlitsmyndavélakerfi frá Aver er ódýr og einföld lausn fyrir fyrirtæki.
Fylgstu með í spjaldtölvunni eða farsímanum, hvenær og hvar sem þú ert.

Kerfið býðst nú á frábæru verði, frá **179.000** kr.

Komdu og skoðaðu í glæsilegri verslun okkar að Askalind 1.

PIPAR\TBWA • SÍA • 140479

**Sími 570 2400 · oryggi.is**
Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

LED LENSER

# SEO
## höfuðljósin

SEO línan er ný og spennandi höfuðljósalína frá LED Lenser. Hönnun þeirra er frískleg og hugvitsamleg og þau eru afar létt og þægileg í notkun. Lýsing og rafhlöðuending er framúrskarandi.



**SEO3**

- 90 lumens
- Stillanlegur halli
- Drægni: 40 metrar
- Aðeins 96 grömm
- 3 AAA rafhlöður
- Vatnsvarið
- Rafhlaða endist allt að 10 klst.
- 3 hvít LED ljós og eitt rautt LED ljós sem hentar vel til að halda nætursjón.



**SEO5 SEO5**

- 180 lumens
- Stillanlegur halli
- Stillanlegur fókus
- Drægni: 130 metrar
- Aðeins 105 grömm
- 3 AAA rafhlöður
- Vatnsvarið
- Rafhlaða endist allt að 7 klst.
- 1 hvítt kraftmikið LED ljós og eitt rautt LED ljós sem hentar vel til að halda nætursjón.



**SEO7R**

- 220 lumens
- Stillanlegur halli
- Stillanlegur fókus
- Drægni: 130 metrar
- Aðeins 105 grömm
- Vatnsvarið
- Lithium hleðslurafhlöður fylgja
- Rafhlaða endist allt að 5 klst.
- 1 hvítt kraftmikið LED ljós og eitt rautt LED ljós sem hentar vel til að halda nætursjón.



**LED LENSER SÖLUAÐILAR:**

**Ísleifur Jónsson ehf.**
Draghálsi 14-16
Reykjavík
S: 412 1200

**Straumrás**
Furuvöllum 3
600 Akureyri
Sími: 461 2288

**Vélsmiðjan Þristur**
Sindragötu 8
Ísafirði
Sími 456 4750

**Iðnaðarlausnir ehf.**
Skemmuvegi 6
Kópavogi
S: 577 2233

VÉLAR & VERKFÆRI
SKÚTUVOGUR 1 C · 104 REYKJAVÍK · SÍMI: 550 8500 · FAX 5508510 · WWW.VV.IS




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Eftir endurreisn þarf uppbyggingu

***Framtakssjóður Íslands skilaði metafkomu árið 2013 og hefur alls greitt eigendum sínum, aðallega lífeyrissjóðum og Landsbankanum, 27,5 milljarða í arð frá stofnun árið 2009. Þorkell Sigurlaugsson stjórnarformaður hefur viðrað hugmyndir um nýjan sjóð sem ekki bara fengist við rústir hrunsins heldur uppbyggingu til framtíðar.***

**VIÐTAL**
**Fanney Birna Jónsdóttir** |
fanney@frettabladid.is



Framtakssjóður Íslands skilaði metafkomu á síðasta ári, hagnaður ársins 2013 nam 7.636 milljónum króna og arðsemi eiginfjár var 30 prósent. Heildareignir félagsins nema 35.862 milljónum króna og bókfært eigið fé er 32.193 milljónir og eiginfjárhlutfall 90 prósent.

Síðasta ár var fjórða heila árið í rekstri sjóðsins frá stofnun hans í lok árs 2009. Stofnendur voru sextán lífeyrissjóðir og upphafleg hlutafjárloforð námu 30 milljörðum króna, sem síðan voru aukin í 54 milljarða króna.

**ALLS 27,5 MILLJARÐAR VERIÐ GREIDDIR Í ARÐ**

Hlutverk Framtakssjóðsins er að taka þátt í því uppbyggingar- og umbreytingaferli sem fyrirsjáanlegt var að þyrfti að eiga sér stað í kjölfar bankahrunsins og vera þátttakandi í endurreisn íslensks atvinnulífs. Þá var honum ætlað að skila góðri ávöxtun til eigenda sinna. Sjóðurinn skuldsetur sig ekki heldur innkallar hlutafé hjá eigendum vegna þeirra fjárfestinga sem ráðist er í. Jafnframt er söluverði fyrirtækja í eigu sjóðsins skilað til eigenda að lokinni sölu. Á aðalfundi sjóðsins í lok mars var samþykkt að greiða hluthöfum 6,6 milljarða í arð. Alls hefur sjóðurinn þá greitt 27,5 milljarða til eigenda sinna sem eru einkum lífeyrissjóðir landsmanna og Landsbankinn, sem kom síðar inn sem stór hluthafi sjóðsins í tengslum við kaup hans á Vestia sem var eignarhaldsfélag nokkurra félaga í eigu Landsbankans.

**HUGMYND UM NÝJAN FRAMTAKSSJÓÐ**

Þorkell Sigurlaugsson, stjórnarformaður Framtakssjóðsins, segir sjóðinn standa á tímamótum.

„Í fyrsta lagi vorum við með aðalfund núna sem gekk mjög vel og við erum að skila metafkomu. Það hefur reyndar verið mjög góð afkoma af sjóðnum þessi ár sem hann hefur verið starfandi en þetta er svona með því betra sem maður sér. Síðan voru framkvæmdastjóraskipti hjá okkur og í þriðja lagi höfum við verið að fá mjög góðar viðtökur við hugmyndum okkar um nýjan sjóð,“ segir Þorkell í samtali við Markaðinn.

Hinn nýi sjóður hefur verið kynntur fyrir hluthöfum sjóðsins, en hugmyndin er að hann myndi sinna nýjum verkefnum sem tengjast þeirri uppbyggingu efnahagslífsins sem fram undan er að sögn Þorkels.

„Rifjum upp að Framtakssjóðurinn var stofnaður í lok árs 2009 í kjölfar efnahagshrunsins sem var einfaldlega bara hrun fjárhagskerfisins og bankanna. Þá var tilgangurinn að endurreisa efnahagslífið, koma okkur út úr þessum rústum, og lífeyrissjóðirnir þurftu og vildu koma að þessu verkefni. Það hefur gengið mjög vel og við erum sem sagt búin að fjárfesta fyrir yfir 70 prósent af þeim fjárfestingum sem við höfum heimild fyrir, sem voru 54 milljarðar og líftími sjóðsins er þannig að fjárfestingatímabilinu lýkur eftir ár og þá er bara verkefnið að vinna úr þessum eignum sem sjóðurinn á. Þetta var verkefnið en núna er ástandið í þjóðfélaginu þannig að við erum að komast í gegnum fyrsta fasa erfiðleikanna, það er dálítið langt um liðið síðan hrunið varð og það sem fram undan er er að menn vilja reyna að fara að byggja upp til framtíðar, auka hagvöxt, auka nýtingu okkar á náttúruauðlindum og mannauðnum og komast á það stig að vera ekki bara að fást við rústir efnahagshrunsins heldur byggja upp til framtíðar og komast út úr gjaldeyrishöftunum,“ segir Þorkell.

Hann segir mörg verkefni fram undan sem slíkur sjóður myndi skoða en það séu öðruvísi verkefni heldur en Framtakssjóður Íslands hefur verið í.

**BYGGT Á FYRIRLIGGJANDI GRUNNI**

„Við höfum rætt við nokkra eigendur sjóðsins sem eru lífeyrissjóðir, um verkefni sem þeir sjá fram á að þurfi að ráðast í. Þetta eru svona samfélagsleg verkefni sem allir eru sammála um að þurfi að koma á koppinn, en aftur á móti enginn einn lífeyrissjóður eða einhver einn aðili sem getur komið að. Og til þess að búa til sterkan kjarna þá sjá menn tækifæri til að byggja á grunni þess sem er til,“ segir Þorkell og á þá við Framtakssjóðinn.

Hann segir að þau hafi grunnstoðirnar, starfsfólkið, þekkingu og öflugan hóp eigenda sem hefur áhuga á þessum verkefnum.

„Þessi sjóður yrði rekinn inni í þessari umgjörð sem við erum með og mun kalla inn fjármuni, með sambærilegum hætti og við höfum verið að gera, eftir því sem verkefnin koma upp. Ef við förum inn í verkefni þá innköllum við til eigendanna og getum þá lagt þannig eigið fé inn í verkefnið. Við myndum vilja reyna að hafa þennan sjóð sambærilega stóran, kannski 20 til 30 milljarða til að byrja með, sem væri þá upphafsskuldbinding þeirra eigenda sem vilja vera með í þeim verkefnum sem





**BORGARFERÐIR**
**Ferðasíða Telegraph.co.uk hefur gefið út lista yfir tíu ódýrustu kostina þegar kemur að borgarferðum í Evrópu. Austur-Evrópa kemur sterk inn en efst á listanum trónir Búdapest í Ungverjalandi.**

# KRAFTMIKIL OFURFÆÐA

**CELSUS KYNNIR** *Ofurþrenna, Ultimate Greens, í einu glasi, Spirulina, Chlorella og Barley grass. Í Spirulina eru yfir 100 lífræn næringarefni. Chlorella hefur hreinsandi áhrif og Barley grass getur gert líkamann basískan.*

Margir upplifa að vera þjakaðir af þreytu og doða þrátt fyrir nægan svefn og gott mataræði. Verksmiðjusamsett vítamín geta aldrei líkt eftir fjölbreyttni lífrænna næringarefna.

**Spirulina,** blágrænn þörungur sem talinn er vera næringarríkasta fæða jarðar þar sem hann inniheldur lífandi næringarefni og telst fæða. Í spirulinu eru þrettán vítamín, sextán steinefni, tuttugu karótínar, átján amínósýrur, blaðgræna, prótín, omega, GLA og hún er rík af auðmeltanlegu járni. Hún gefur hreina orku, einbeitingu, meiri súrefnismettun, góða líðan og næringu. Rannsóknir sýna að spirulina er gríðarlega öflug vörn gegn flensu og kvefi og hentar fólki á öllum aldri. Margir nýta sér Lifestream Spirulina sem sitt daglega lífræna fjölvítamín.

**Chlorella** afeitrar og er talin öflugasta plantan til að hreinsa líkamann. Chlorella styrkir lifrina og bætir alla líkamslykt, gerir andardráttinn ferskari, hreinsar óhreina húð og minnkar bólur. Húðin í andliti fær ljóma sem eftir er tekið. Chlorella styrkir viðkvæma ofnæmishúð og bætir blóðflæði út í alla vefi sem gefur sléttari og mýkri húð á öllum líkamanum. Hún er árangursrík við appelsínuhúð og eykur árangur margfalt með hreyfingu eða líkamsrækt.

**Chlorella** hreinsar auka- og eiturefni sem við innbyrðum úr fæðunni, rotvarnarefni, skordýraeitur og geislun sem notuð er við ræktun og geymslu á ávöxtum og grænmeti. Hún hreinsar líkamann af þungmálmum, tölvu- og farsímageislun, eykur súrefnisflæði til heila og líkamans, kemur jafnvægi á blóðfitu og blóðsykur og er góð fyrir meltinguna. Chlorella dregur úr streitu og er rík af náttúrulegu lífrænu D-vítamíni.

**Barley grass** kemur á réttu sýrustigi og gerir líkamann basískan. Of súr líkami er algeng afleiðing af vestrænu fæði og talin vera undirrót margra sjúkdóma. Barley grass örvar sogæðakerfið, styður við heilsu liða, dregur úr liðverkjum og bólgum og lækkar kólesteról. Það jafnar magasýrur og örvar vöxt vinveittrar magaflóru, Einnig er það ríkt af steinefnum, SOD-ensímum, og B-vítamínum. Í Lifestream eru eingöngu notaðar ferskustu og næringarríkustu blöð plöntunnar sem innhalda mesta næringu.

**Lifestream** notar eingöngu hrein, lífrænt ræktuð næringarefni í bestu gæðum og vinnsluaðferðirnar tryggja hámarks næringargildi og upptöku. Engin fylliefni, skordýraeitur eða aukaefni.

**Ultimate Greens** fæst í helstu apótekum, heilsubúðum, Hagkaupi og Krónunni.




**DAGLEGA**
Til daglegrar inntöku. 120 grænmetishylki. Inntaka 2-4 hylki á dag.

Umboð Celsus ehf.
www.celsus.is




Nýjar vörur í hverri viku



My Style tískuhús
my style
Bæjarlind 1-3
201 Kópavogur
s: 571-5464



Ný sending!
Fallegir kjólar og dragtir fyrir fermingarnar og brúðkaupin.
Einnig úrval af sumarfötum fyrir fríið.
Sjáið myndirnar á facebook.com/Parisartizkan
BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770

Betra blóðflæði

Eftir fertugt framleiðir líkaminn 50% minna **Nitric Oxide.** **SUPERBEETS** örvar **Nitric Oxide** framleiðslu strax. Betra blóðflæði, allt að ***30%*** æðaútvíkkun, ***30%*** meiri súrefnisupptaka, réttur blóðsykur, aukin fitubrennsla, ***20%*** meira þrek orka og úthald. Bætt ris hjá körlum, aukin kynörvun kvenna. **Nitric Oxide hefur áhrif á og bætir:** Blóðþrýsting, kólesteról, hjarta- æða- og taugakerfi, ofnæmiskerfi, astma, lungnaþembu. ***Einkaleyfi Neogenis Labs á rauðrófukristall tryggir einstaka yfirburði og virkni af nitrite sem umbreytist í Nitric Oxide í líkamanum .*** Gott bragð ein teskeið blandað í vatn 100 ml sem jafngildir einni flösku 500 ml af rauðrófusafa.

lækkað verð




Umboð: www.vitex.is - www.neogenis.com
Fæst í Apótekum og heilsubúðum

Situr þú í skítnum?

Hreinsandi hefur fullkomin tæki og efni til djúphreinsunar, sótthreinsunar og þurrkunar. Við vinnum á slæmum blettum og húsgögnin hreinlega ljóma
Hreinsandi sérhæfir sig í: Myglugró, Djúphreinsun, Lyktareyðingu, Sótthreinsun teppa, húsgagna, rúmdýna og annarra húsmuna.




Hreinsandi fyrir alla muni
Hreinsandi notar efni frá kemi
Eldshöfða 1 S: 577-5000 Hreinsandi.is hreinsandi@hreinsandi.is




**Nicovel Fruit** og **Nicovel Mint** lyfjatyggigúmmí, innihalda 2 mg af nikótíni sem nikótín resinat. Nicovel er ætlað reykingamönnum 18 ára og eldri. Ekki má nota Nicovel ef um er að ræða ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju öðru innihaldsefni tyggigúmmísins eða ef þú reykir ekki. Leitið ráða hjá lækni áður en Nicovel er notað ef: þú hefur nýlega fengið hjartaáfall eða heilablóðfall, þú hefur fengið ofnæmisviðbrögð (ofsabjúgur) eða útbrot með kláða (ofsakláði). Einnig ef þú ert með: brjóstverk, hjartakvilla sem hefur áhrif á hraða eða takt hjartsláttar, ómeðhöndlaðan háþrýsting, lifrarsjúkdóm, nýrnasjúkdóm, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil, æxli í nýrnahettumerg (krómfíklaæxli), magasár eða bólgu í vélinda. Einstaklingar undir 18 ára aldri ættu ekki að nota Nicovel nema því sé ávísað af lækni. **Viðeigandi skammtur fyrir fullorðna getur haft mikil eituráhrif eða verið banvænn fyrir lítil börn.** Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicovel í samráði við lækni. Skammtar eru einstaklingsbundnir og valdir út frá nikótínþörf. Yfirleitt er nóg að nota 8-12 tyggigúmmí á dag. Hámarksskammtur er 24 stykki á dag. Nánari upplýsingar um notkun er að finna í fylgiseðli lyfsins. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: Orifarm Generics A/S. Umboð á Íslandi: Icepharma hf. Lynghálsi 13, 110 Reykjavík.






**KAFFIÁHUGAMAÐUR** Steinarr Ólafsson dreif sig út til Brasilíu til að læra allt um uppáhaldsdrykkinn sinn, kaffi.
MYND/ÚR EINKASAFNI

# KAFFIÁHUGI TOGAÐI HANN TIL BRASILÍU

**FERÐIR** *Steinarr Ólafsson, eldheitur áhugamaður um kaffi, lærir allt um kaffirækt í Brasilíu. Hann bloggar um ævintýrið á steinarro.wordpress.com*

Ég mun taka þátt í uppskeru á kaffi og læra allt um kaffi frá baun í bolla. Ég verð hérna næstu þrjá mánuðina,“ segir Steinarr Ólafsson, sem staddur er í steikjandi sólinni í smábænum Pedregulho í Brasilíu.

Brennandi áhugi Steinars á kaffi togaði hann út en hann komst í samband við fyrirtækið O'Coffee gegnum vinkonu sína, kaffispekúlantinn Sonju Grant. Hann segir fyrstu dagana hafa verið afar áhugaverða og spennandi en líka erfiða.

„Dagurinn hefst hjá mér klukkan 5.30, bókstaflega við fyrsta hanagal! Ég er síðan mættur í vinnuna klukkustund síðar. Uppskeran hefst ekki fyrr en eftir tvær vikur svo ég er ekki enn farinn að tína baunir. Þess í stað fylgist ég með undirbúningi uppskerunnar, alþrifum á búnaði, plöntun nýrra kaffirunna og fleira. Ég ver líka miklum tíma í að ná tökum á tungumálinu og eyði líka talsverðum tíma í skjóli skuggans. Sólin og hitinn eru mér næstum um megn,“ segir hann. „Maturinn er heldur einhæfur, kjöt og baunir upp á hvern einasta dag og ekkert grænmeti á boðstólum.“

Steinarr bloggar á steinarro.wordpress.com og rekur þar það helsta sem drífur á daga hans.

En hvað tekur við þegar kaffiævintýrinu í Brasilíu lýkur?

„Með þessa þekkingu í farteskinu ætla ég bara að sjá til hvað framtíðin ber í skauti sér. Mér liggur ekkert á enn sem komið er, ég er ekki nema 21 árs,“ segir Steinarr sposkur.

Hvernig vill svo eldheitur áhugmaður um kaffi hafa kaffið sitt?

„Ég vil undantekningarlaust hafa kaffið mitt gott.“



**FALLEGT ÚTSÝNI** Horft yfir kaffiakrana.



**RJÚKANDI SOPI** Steinarr kann að meta gott kaffi.



**RÆKTUN** Þar til tínsla hefst á ökrunum lærir Steinarr að planta nýjum kaffirunnum.



**Á AKRINUM** Undirbúningur fyrir uppskeru kaffibauna.



**FRÁ BAUN Í BOLLA** Óbrenndar kaffibaunir.



**BAUNIR** Nýtíndar kaffibaunir.

## LEIÐRÉTTING

**Nafn Sveindísar Önnu Jóhannsdóttur félagsráðgjafa misritaðist í sérblaðinu Brúðkaup sem fylgdi Fréttablaðinu síðastliðinn laugardag. Beðist er velvirðingar á því.**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**


BURT'S BEES
náttúran og ég
BURT'S BEES
náttúran og ég
BURT'S BEES
Pink Blossom Honey
Beeswax lip balm Tin:
Beeswax lip balm body lotion
TILVALIN
FERMINGARGJÖF
BURT'S BEES VÖRURNAR FÁST T.D. Í LYFJUM & HEILSU, KRINGLUNNI OG Í FRÍHÖFNINNI.




**GOTT ÁR AÐ BAKI** Framtakssjóður Íslands er til húsa í Lágmúla 9. Þar starfa sjö starfsmenn en nýverið urðu þær breytingar að Hjördís Dröfn Fjeldsted tók við sem framkvæmdastjóri af Brynjólfi Bjarnasyni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURJÓN RAGNAR

## Hluthafar Framtakssjóðs Íslands

| | |
|---|---|
| Landsbankinn hf. | 27,59% |
| Lífeyrissjóður verzlunarmanna | 19,91% |
| Gildi lífeyrissjóður | 10,39% |
| Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 7,72% |
| Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild | 7,36% |
| Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | 6,62% |
| Stafir lífeyrissjóður | 5,52% |
| Festa lífeyrissjóður | 2,76% |
| Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga | 2,76% |
| Almenni lífeyrissjóðurinn | 1,84% |
| Lífeyrissjóður Vestmannaeyja | 1,47% |
| Lífeyrissjóður Bankamanna aldursdeild | 1,24% |
| Lífeyrissjóður verkfræðinga | 1,10% |
| Lífeyrissjóður Vestfirðinga | 1,10% |
| Eftirlaunasjóður FÍA | 0,77% |
| Íslenski lífeyrissjóðurinn | 0,68% |
| Lífeyrissjóður Rangæinga | 0,58% |
| VÍS hf. | 0,55% |
| Framtakssjóður Íslands GP hf. | 0,02% |

eru fram undan. Grundvallaratriðið verður alltaf að tryggja arðsemi fyrir eigendur sjóðsins, það er almenning í landinu.“

### FJÖLBREYTT SAMFÉLAGSLEG VERKEFNI

Þorkell segir þau verkefni sem nýi sjóðurinn myndi vilja ráðast í vera af þeirri stærðargráðu að ríkið gæti ekki staðið eitt í þeim.

„Svo ég nefni nokkra möguleika þá erum við að tala um uppbyggingu innviða í þjóðfélaginu, til að mynda framkvæmdir í sambandi við samgöngumál í víðum skilningi. Orkumál í víðum skilningi líka og þá ekkert endilega einhverja einkavæðingu heldur meira að koma að nýjum verkefnum í orkuframkvæmdum eða nýtingu þeirrar þekkingar sem er komin í fyrirtækjunum. Það eru til fyrirtæki sem eru að hasla sér völl erlendis í þessum verkefnum þannig að við viljum horfa líka út fyrir landsteinana og finna hvar við getum aflað erlends gjaldeyris og tekna með því að nýta okkar þekkingu og opna þar með meira á möguleika á að styðja við stefnu stjórnvalda og annarra í afléttingu gjaldeyrishafta, það þarf átak margra til þess,“ segir Þorkell.

Hann segir það einnig þannig að mörg þessara verkefna séu þess eðlis að það vanti samnefnara til að halda utan um verkefnið. „Við höfum einnig heyrt áhuga frá erlendum fjárfestum sem væru til í að koma að slíkum sjóði með fjármagn,“ bætir Þorkell við.

„Lífeyrissjóðirnir starfa ekkert endilega mikið saman og eins og sjóðurinn hefur verið þá hafa þeir ekki haft nein afskipti af fjárfestingunum. Við sjáum fyrir okkur að í þessum sjóði sé þetta ekki alveg þannig, þar sem ekki væri um hefðbundin fyrirtæki í innlendri samkeppni að ræða, heldur komi eigendurnir meira að verkefnum kannski sem lánveitendur líka eða sem fjárfestar þannig að sjóðurinn sé bara eitt af tækjunum sem er hægt að nýta með öðrum í þessu hlutverki,“ segir Þorkell.

Hann nefnir einnig sem dæmi Landspítalann sem verkefni sem verið hafi í umræðunni og lífeyrissjóðirnir hafi verið viljugir til að koma með einhverjum hætti að því.

### VERÐUM AÐ VINNA SAMAN

„Lífeyrissjóðir geta þannig haft einhvern vettvang fyrir það, einhvern sameiginlegan aðila sem vinnur með þeim í því. Það hefur líka verið talað um stór verkefni í samgöngumálum, stór verkefni í grunninnviðum hér í Reykjavík sem dæmi. Þetta eru verkefni sem taka stundum langan tíma, eru ekki hefðbundin verkefni eins og að kaupa sig inn í fyrirtæki, selja það eða koma því á markað, heldur annars konar verkefni sem þarf að ráðast í, koma í framkvæmd og tryggja arðsemi og árangur af verkefninu. Þetta yrði því svolítið öðruvísi hlutverk, ef það er hægt að lýsa þessu þannig.“

> Við höfum einnig heyrt áhuga frá erlendum fjárfestum sem væru til í að koma að slíkum sjóð með fjármagn.

Þorkell segir muninn felast í því að nú sé um að ræða uppbyggingu eftir endurreisn síðustu ára og nú þurfum við að snúa okkur að bættum lífskjörum, lífsgæðum og hagvexti.

„Við erum lítið land sem er með gríðarlega mörg verkefni fram undan og við verðum einhvern veginn að vinna saman að þeim – við getum ekki gert það allt hvert í sínu lagi,“ segir Þorkell að lokum.



HEIÐAR MÁR GUÐJÓNSSON

# Krónan verður alltaf vandamál

Umræðan um gjaldeyris- og peningamál hefur verið býsna einsleit á Íslandi. Hún hefur grundvallast á því að valkostir Íslands séu einkum tveir. Að hafa styrka umgjörð um krónuna og hafa hana áfram eða taka upp evru með aðild að Evrópska myntbandalaginu (EMU) með undanfarandi aðild að ESB. Heiðar Már Guðjónsson hagfræðingur og fjárfestir er með mörg járn í eldinum. Hann hefur skrifað bók um tækifærin á norðurslóðum, hefur fjárfest í fjölda fyrirtækja á Íslandi og varð nýlega stjórnarformaður Vodafone.

Heiðar er einn fárra sem hafa látið til sín taka í opinberri umræðu um peningamál og hafa verið tilbúnir að skoða fleiri valkosti en evru og krónu og hefur hann m.a. fært ágætis rök fyrir því að skynsamlegt geti verið að skoða einhliða upptöku annars gjaldmiðils. Heiðar er gestur okkar í nýjasta þætti Klinksins þar sem hann fer yfir þessi mál.

› klinkið



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@365.is

Viðtalið við Heiðar Má Guðjónsson er hægt að sjá í þættinum **Klinkinu á www.visir.is.**



**Ertu sammála því að það sé ekki æskilegt fyrir Íslendinga að nota krónuna næstu áratugina nema það breytist eitthvað hérna varanlega í stýringu hennar?**

„Það er merkilegt við peningamálaumræðuna á Íslandi að hún er búin að fara í marga hringi á síðustu 30 árum. (…) Það sem hefur gerst er að menn hafa endurtekið mistökin. Endurtekið þessa tilraun að vera með krónu, hvort sem hún er fljótandi, hvort sem hún er föst, hvort sem hún er hálffljótandi, hvort sem hún er innan hafta, menn eru alltaf með mismunandi útgáfur af sama gjaldmiðli sem bíður alltaf skipbrot. Í stað þess að finna sjálf upp hjólið er eðlilegast að við lítum í reynslubanka annarra. Það eru 33 lönd í heiminum sem hafa tekið einhliða upp aðra mynt og þeim hefur öllum vegnað vel. Það eru líka um það bil 60 þjóðir sem hafa bundið sinn gjaldmiðil við annan gjaldmiðil með svokölluðu myntráði. (…) Íslenska krónan er ekki til fyrir almenning í landinu heldur fyrir stjórnmálamenn og embættismenn. Svo þeir geti miðstýrt kerfinu.“

**Varst þú einn þeirra sem hugsuðu: Það eru raunverulegar líkur á því að evrusvæðið liðist í sundur?**

„Já, en frekar hugsanlega Evrópusambandið og að aðildarríkin gangi einhvern veginn út úr fjórfrelsinu sem er grundvöllur evrópska samstarfsins. Við sjáum það núna á Kýpur að það er búið að skera á frjálsa flutninga á vörum og fjármagni. Það er ennþá frjáls flutningur vinnuafls, en það eru tvær grunnstoðir þarna sem er búið að loka á. Það er mjög freistandi fyrir ríki í Evrópusambandinu sem eru í vandræðum að minnka samstarf sín á milli.“

**Er evran með fast land undir fótum?**

„Nei í rauninni ekki. Það er verið að breiða undir vandann með peningaprentun. Áður en Mario Draghi (bankastjóri Evrópska seðlabankans) kom fram með sína yfirlýsingu þá höfðu tveir þýskir herramenn frá Bundesbank sagt af sér í stjórn Evrópska seðlabankans vegna þess að þeir voru á móti því að það kæmu fram lausatök í peningamálum bankans til þess að undirbyggja, fyrir það fyrsta, bankakerfið í Evrópu sem síðan var til þess að undirbyggja ríkisfjármálakerfið í Evrópu. Því bankarnir voru í raun að kaupa ríkisskuldabréf ríkja sem voru í mestri hættu. Seðlabanki Evrópu var svo að endurfjármagna bankana. Þarna ertu kominn með keðju sem hangir öll saman og er ekki sterkari en veikasti hlekkurinn.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Keppti í blaki í efstu deild í 15 ár

*Friðbert Traustason, formaður og framkvæmdastjóri SSF, starfaði áður í sláturhúsi á Flateyri, sem sjómaður og kerfisfræðingur hjá Reiknistofu bankanna. Hann segir afahlutverkið mikilvægasta verkefnið þessa dagana.*

SVIPMYND

Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

Friðbert Traustason, formaður og framkvæmdastjóri Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF), hefur verið formaður samtakanna frá 1995. Hann tók við starfi framkvæmdastjóra fimm árum síðar og var því öllum hnútum kunnugur í kjaraviðræðum SSF og SA sem enduðu með undirritun samninga um miðjan síðasta mánuð.

„Kjarasamningarnir voru ansi erfiðir enda fyrirfram ákveðnir fyrir alla landsmenn af þremur aðilum, ASÍ, SA og ríkisstjórninni, og það er alltaf erfitt að þurfa að kyngja því. Menn þurftu að velja um annaðhvort að éta það hrátt eða fá ekki neitt,“ segir Friðbert.

Hann fæddist vestur á Flateyri við Önundarfjörð í október 1954 og byrjaði snemma að vinna.

„Í fyrsta starfinu sem ég fékk eitthvað borgað fyrir þurfti ég að hreinsa garnir í sláturhúsinu á Flateyri. Þá var ég átta ára. Það var mjög sérstakt að standa og hreinsa garnirnar ofan í bala sem voru síðan sendar suður til Reykjavíkur til að framleiða úr þeim pylsur. Síðan var ég á sjó frá fermingu og eftirminnilegasti túrinn var þegar ég fór á síld í Norðursjónum sextán ára gamall.“

Friðbert var í fyrsta útskriftarárgangi Menntaskólans á Ísafirði árið 1974. Þaðan lá leiðin í Háskóla Íslands þar sem hann lærði verkfræði í tæp tvö ár.

„Síðan söðlaði ég um og fór að vinna hjá Reykjavíkurborg og síðar Reiknistofu bankanna þar sem ég vann við kerfisfræði og forritun í tuttugu ár. Á þeim árum fór ég aftur í skóla og sótti mér háskólagráðu í hagfræði frá HÍ. Svo fór ég seinna í meistaranám í stjórnun og stefnumótun í sama skóla og kláraði þar allt nema ritgerðina, eins og svo margir. Hún er núna sett á júní en hvað verður veit maður aldrei,“ segir Friðbert og hlær.

Hann keppti í blaki í efstu deild í fimmtán ár, lengst af með Íþróttafélagi stúdenta, og er að eigin sögn alæta á íþróttir.

„Svo var ég viðloðandi öldungablakið í seinni tíð þangað til bakið gaf sig. Ég er einnig mikill golfari og svo keypti ég mér hjól í fyrrasumar og er nokkuð duglegur að hjóla í og úr vinnu. Hinum íþróttunum sinnir maður orðið mest með því að horfa á sjónvarpið.“

Friðbert er giftur Sigrúnu Ósk Skúladóttur lyfjatækni. Þau eiga tvö börn, lögmanninn Sunnu Ósk og háskólanemann Trausta.

„Afahlutverkið er mikilvægasta verkefnið þessa dagana. Ég á eina dótturdóttur sem heitir Ragnheiður Ósk og er fjögurra ára. Hún er búin að tilkynna afa sínum að nú vilji hún læra að lesa og að afi þurfi að kenna henni að lesa.“

## Orðheldinn og skemmtilega íhaldssamur



„Við Friðbert höfum þekkst lengi og unnið saman frá 2004 í stjórn SSF. Friðbert kemur ávallt fram af heilindum og stendur við orð sín. Hann hefur sterka réttlætiskennd og á auðvelt með að sjá báðar hliðar á málum þó hann geti verið harður í samningum. Vestfirska þrjóskan hefur nýst honum vel en jafnframt hefur hann sínar mjúku hliðar og má ekkert aumt sjá. Hann er víðsýnn en á sama tíma skemmtilega íhaldssamur. Í gegnum tíðina hefur hann reynst mér góður lærifaðir. Hann er manna fróðastur um lífeyris- og kjaramál og alltaf tilbúinn að deila upplýsingum og fræða aðra í kringum sig.“

***Anna Karen Hauksdóttir,** formaður Starfsmannafélags Íslandsbanka*



„Við Friðbert höfum starfað saman að málefnum starfsmanna fjármálafyrirtækja yfir 30 ár. Hann er ótrúlega úrræðagóður þegar leysa þarf flókin mál enda er áhugi hans og þekking á þessu sviði mikil. Þó hann sé lærður hagfræðingur en ekki lögfræðingur hefur hann mikla innsýn í lögfræðina og hefur mörg erfið mál leyst á grunni þeirrar þekkingar. Þá tel ég að fáir hafi meiri þekkingu á lífeyrismálum og er endalaust hægt að fletta upp í honum þegar þau mál eru til umfjöllunar. Hann er góður stjórnandi og hefur farsællega leitt starfsemi SFF og Lífeyrissjóð bankamanna á liðnum áratugum.“

***Sveinn Sveinsson** hæstaréttarlögmaður*



**VESTFIRÐINGUR** Friðbert var ráðinn framkvæmdastjóri SFF árið 2000. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# SUPERMICRO NETÞJÓNAR

Tölvulistinn er umboðsaðili Supermicro á Íslandi sem mörg af þekktustu tæknifyrirtækjum landsins nota í starfsemi sinni. Traustar og fjölbreyttar net- og gagnaþjónalausnir fyrir allar stærðir fyrirtækja og stofnana.



## FJÖLBREYTTAR LAUSNIR OG REKSTRARHAGKVÆMNI

Ástæða vinsælda Supermicro hjá íslenskum fyrirtækjum er einföld. Með fjölbreyttar lausnir og viðamikið vöruúrval hafa fyrirtæki frelsi til þess að sérsníða net- og gagnaþjóna eftir eigin þörfum. Sérsmíða má netþjóna frá grunni fyrir ákveðin verkefni, álag eða afköst og náð þannig fram hámarks afköstum á öflugum vélbúnaði á hagkvæmari hátt.

Framfarir í hugbúnaðarumhverfi undanfarin ár hafa endurskilgreint hlutverk netþjóna að miklu leyti. Með nútímalegum, en smærri og öflugri netþjónum má ná fram miklum sparnaði í samanburði við eldri lausnir.

## 3-5 ÁRA ÁBYRGÐ OG ÚTSKIPTIÁBYRGÐ

Tölvulistinn býður 3-5 ára ábyrgð á Supermicro vélbúnaði auk útskiptiábyrgðar á hluta ábyrgðartímans. Ef bilun kemur upp í búnaði er honum samstundis skipt út til þess að lágmarka óþægindi fyrir viðskiptavini.

**Óskar Þór Óskarsson, Supermicro sérfræðingur Tölvulistans veitir nánari upplýsingar í s. 414-1710 eða oskar@tl.is**

tl.is

TÖLVULISTINN

FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

Það þjónar langtímahagsmunum Íslands að hafa viðræðurnar við Evrópusambandið á ís í nokkur ár:

# Dulbúin blessun

Það þjónar langtímahagsmunum Íslands að hafa viðræðurnar við Evrópusambandið á ís í nokkur ár. Og eftir atvikum ganga í Evrópusambandið síðar.

Það dylst engum sem skoðar skýrslu Seðlabanka Íslands um gjaldmiðils- og peningamál frá 2012 að raunhæfasti valkostur Íslands í peningamálum utan krónu er evran í gegnum Evrópska myntbandalagið (EMU) með undanfarandi aðild að ESB. En margir nafntogaðir sérfræðingar hafa samt efasemdir um evruna enda hafi skuldavandi fjölmargra evruríkja afhjúpað ákveðna bresti í evrusamstarfinu.

Otmar Issing, fyrrverandi aðalhagfræðingur Evrópska seðlabankans (European Central Bank, ECB), skrifaði grein í Financial Times á dögunum þar sem hann fjallaði um sameiginlega skuldabréfaútgáfu evruríkjanna og færði rök fyrir því að hún væri mjög óskynsamleg. Þá galt hann varhug við hugmyndum um sameiginlegt bankabandalag, en þetta tvennt hefur verið talið laga þá bresti sem eru á samstarfinu í núverandi mynd.



**Markaðshornið**
Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@stod2.is

**Ákvörðun um að slíta viðræðunum endanlega án aðkomu þjóðarinnar er feigðarflan.**

Varanleg lausn á evruvandanum hefur verið talin felast í aukinni efnahagslegri samvinnu þeirra 18 ríkja sem nota gjaldmiðilinn. Þannig hefur verið komið á fót sameiginlegu bankaeftirliti í Evrópusambandinu og aukinni samvinnu varðandi fjárlagagerð, sem er enn mjög umdeilt. En Issing telur að sú tegund þessarar samvinnu sem gengur lengst sé í raun andvana fædd. Það sé ósanngjarnt og óeðlilegt að skattgreiðendur í einu ríki greiði fyrir óábyrgar lánveitingar í öðrum.

Krafan um að Þjóðverjar leiði björgunarleiðangur evrunnar hefur falist í því að þeir borgi meira. Að þýskir skattgreiðendur leggi til meiri fjármuni, eftir atvikum til að kaupa verðlítil skuldabréf ríkja eins og Spánar og Grikklands. Meira að segja kapítalistinn George Soros hefur sagt að Þjóðverjar þurfi að borga meira til að tryggja evruna.

Issing veltir upp þeirri spurningu, í tengslum við sameiginlega skuldabréfaútgáfu, hversu óeðlilegt og ósanngjarnt það væri í augum Spánverja og Portúgala ef skattgreiðendur í þessum löndum þyrftu að bera kostnaðinn af óábyrgum lánveitingum þýskra banka. Hávær krafa hefur verið um að Þjóðverjar beri tjónið af óábyrgum starfsháttum grískra, spænskra og portúgalskra banka og í sumum tilvikum ríkissjóðs í þessum löndum. Sem er auðvitað sami hluturinn. Þetta gerðist hins vegar ekki nema í takmörkuðum mæli því Angela Merkel stóð í lappirnar. Bæði heima fyrir og í Evrópusambandinu. En ef skoðuð eru gröf yfir lánveitingar þýska seðlabankans, Bundesbank, til Evrópska seðlabankans eftir bankahrunið þá sýnir vöxtur þeirra svart á hvítu að Þjóðverjar hafa óbeint verið að borga.

Róa tókst markaði með „bazooka“-yfirlýsingu Mario Draghi, seðlabankastjóra Evrópska seðlabankans, í september 2012 um að bankinn myndi „gera hvað sem er“ til að bjarga evrunni. Evrusamstarfið og eftir atvikum Evrópusambandið sjálft er því ekki lengur „brennandi hús“ en það er samt óvissa um framtíðina, þ.e. samsetningu og skipulag, og hvernig þessari nánu efnahagssamvinnu verður háttað. Bretar ætla að greiða þjóðaratkvæði um veru sína í Evrópusambandinu 2017 og mjög kvik umræða er á vettvangi stofnana sambandsins um framtíð þess.

Ef evran er stærsti ávinningurinn sem fylgir aðild Íslands að ESB og síðar EMU þá er mikilvægt að Íslendingar hafi skýra hugmynd um hvers konar samstarf þeir ætla að ganga inn í. Vissulega er aðild að ESB ekki sjálfkrafa aðild að EMU enda þyrfti Ísland að uppfylla Maastricht-skilyrðin sem Ísland mun ekki uppfylla fyrr en 2030, ef allar áætlanir standast, að mati Samráðsvettvangs um aukna hagsæld. Þá má spyrja sig, ef það er svona langt í þetta, hvað liggur á?

Að framansögðu er ljóst að ákvörðun um að setja viðræður Íslands við ESB á ís, sem var tekin af síðustu ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna, er skynsamleg og var í raun dulbúin blessun. Ákvörðun um að slíta viðræðunum endanlega án aðkomu þjóðarinnar er hins vegar feigðarflan, gengur í berhögg við lýðræðisvitund margra kjósenda eftir yfirlýsingar í aðdraganda síðustu kosninga og þjónar takmörkuðum tilgangi.

## Ný kvikmynd kynnt við opnun markaðar í New York í gær




**ÓVENJULEG UPPÁKOMA** Ofurhetjan Kafteinn Ameríka stillir sér upp á gólfi Kauphallarinnar í New York í Bandaríkjunum í gær eftir að kauphallarbjöllunni hafði verið hringt til marks um opnun markaða. Chris Evans og Sebastian Stan, aðalleikarar kvikmyndarinnar „Captain America: The Winter Soldier“, og yfirmenn Marvel Entertainment tóku þátt í kynningu myndarinnar í Kauphöllinni í gær í tilefni af því að sýningar á myndinni eru að hefjast í kvikmyndahúsum. Dow Jones-vísitala iðnaðarvara og Nasdaq-vísitalan hækkuðu í fyrstu viðskiptum í gær. NORDICPHOTOS/AFP

# Psssst – ólöglegt samráð?

**SKOÐUN**
Jóhannes Ingi Kolbeinsson
framkvæmdastjóri Kortaþjónustunnar



Í rúm ellefu ár hef ég starfað sem framkvæmdastjóri fyrirtækis sem starfar á fjármálamarkaði. Það hefur gengið ágætlega, en ég er alvarlega að velta fyrir mér hvort mér myndi ekki vegna miklu betur ef ég færi að stunda ólöglegt samráð.

Á fjármálamarkaði eru – í orði að minnsta kosti – gerðar miklar kröfur til stjórnenda slíkra fyrirtækja. Sérstaklega átti að hafa verið hert á þeim í lögum um fjármálafyrirtæki eftir bankahrunið. Þar er t.a.m. sérstaklega tilgreint að stjórnendur fjármálafyrirtækja megi ekki hafa gerst brotlegir við samkeppnislög.

### Enginn skaði – mikill gróði

Á borði eru þessi lög hins vegar handónýt. Ástæðan er sú að einstaklingar eru aldrei dæmdir fyrir samkeppnislagabrot, heldur einungis fyrirtækin sem þeir stýra. Þannig ganga stjórnendur um hvítþvegnir og geta ráðið sig í hvaða stjórnendastöðu í fjármálageiranum sem er – jafnvel bankastjórastöðu – þrátt fyrir að í starfsemi undir þeirra stjórn hafi markvisst og ítrekað verið brotið gegn samkeppnislögum.

Þetta þýðir líka að persónuleg ábyrgð stjórnenda er engin – þeir greiða ekki sektir og fá ekki fangelsisdóma.

Skaðinn fyrir mig persónulega væri sem sagt enginn ef ég léti fyrirtæki mitt brjóta samkeppnislög. Gróðinn gæti hins vegar verið umtalsverður. Ég gæti hækkað verð með samráði sem þýðir meiri hagnað og hærri laun fyrir mig (á kostnað neytenda), ég gæti hrakið þá sem ekki taka þátt í samráðinu af markaði og tryggt að stöðu minni verði ekki ógnað.

Hvað er það versta sem gæti gerst? Mögulega gæti einhver kvartað við Samkeppniseftirlitið. Þá væri samráðið væntanlega búið að standa í einhvern tíma – segjum tvö ár. Þar sem það góða fólk sem starfar í Samkeppniseftirlitinu hefur alltof litlu að spila færi rannsókn málsins í langa biðröð og úrvinnslan tæki enn lengri tíma – jafnan fjögur til fimm ár með áfrýjun. Þannig myndi fyrirtæki mitt væntanlega ekki fá á sig sekt fyrir samráð sem ég hæfi í dag fyrr en árið 2020 – og það er einungis EF samráðið kemst upp og EF Samkeppniseftirlitið finnur nægilegar sannanir fyrir því. Og sektin? Hún myndi hlaupa á einhverjum hundruðum milljóna – ég treysti mér alveg til að vera búinn að græða þá upphæð og meira til með vel útfærðu samráði í sex ár.

### Er þögn FME sama og samþykki?

En ég verð að viðurkenna að ég hef verið pínulítið efins um hvort þetta sé svona auðvelt. Þess vegna hef ég ítrekað reynt að fá fund með Fjármálaeftirlitinu til að vera alveg viss um að ég muni persónulega komast upp með að láta fyrirtækið mitt fara að stunda ólöglegt samráð. Þar á bæ hafa menn hins vegar ekki viljað ræða þessi mál við mig. Af hverju veit ég ekki – kannski af því að þá þurfa þeir að horfast í augu við það að ólöglegt samráð borgi sig? Er þögn þeirra nokkuð annað en samþykki á þeirri tilgátu? Getur verið að þeir viti að það sé glufa í lögunum en þeir vilji ekki þurfa að staðfesta það?

Í rúm ellefu ár hef ég rekið fyrirtækið mitt í þeirri trú að það eigi ekki að brjóta lög. Á þeim tíma hef ég fylgst með keppinautum mínum vera dæmda ítrekað fyrir brot á samkeppnislögum án þess að það virðist hafa nokkur áhrif á störf þeirra eða framferði á markaði. Sumir myndu segja að ég væri svolítið seinn til, en ég er þó allavega loksins farinn að skilja þetta. Ég hef allt að vinna – en litlu að tapa með því að skella mér í samráðið. Ertu með? (ATH – vinsamlegast eyddu þessari grein eftir lestur.)






**KOMDU OG SKOÐAÐU VOLVO XC60 AWD MEÐ NÝRRI OG ÖFLUGRI DÍSILVÉL**
**MEIRA AFL, AUKIN SPARNEYTNI OG ENN SKEMMTILEGRI Í AKSTRI**

**OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16.**

50 ár í bílgreininni
brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I volvo.is

Volvo XC60 AWD, D4 dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 181 hö, tog 420 Nm, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,4 l/100 km. $CO_2$ 169 g/km.
Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# MARKAÐURINN

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** Sími **512 5000** Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang **visir.is**


**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD 112,74 | DKK 20,834 | NOK 18,89 | CHF 127,72 |
| GBP 187,73 | EUR 155,54 | SEK 17,473 | JPY 1,09 |

**FTSE 100**
+54,24 (0,82%)
6.652,61

**Fylgstu með viðskipta-vef Vísis á Twitter á @VisirVidskipti**

## 157%
### Álagning á dísilolíu hækkað

Álagning á bensín hækkaði um 116% á lítra frá árinu 2005 til 2013. Álagning á lítra var 17,5 krónur árið 2005 en 37,9 árið 2013. Álagning á dísilolíu hækkaði um 157% eða úr 15,3 krónum á lítra í 39,3 krónur frá 2005 til 2013. Á sama tímabili hækkaði vísitala neysluverðs um 69%. Runólfur Ólafsson framkvæmdastjóri FÍB segir þetta sýna að álagningin hafi hækkað umfram þróun verðlags.

## 40%
### Advania uppfyllir kvótann

Konur eru 40% stjórnarmanna í aðalstjórn Advania og 50% í varastjórn. Konur eru í dag tæplega þriðjungur starfsfólks og stjórnenda hjá Advania. Hefðbundið hlutfall kvenna í upplýsingatæknifyrirtækjum er 10-15% samkvæmt upplýsingum frá Félagi kvenna í upplýsingatækni. Stjórn og varastjórn Advania uppfylla þannig ákvæði laga um kynjahlutföll í stjórnum hlutafélaga.

**31.03.2014** Þvermóðska stjórnarandstöðunnar virðast lítil takmörk sett. Það er ótrúlegt að heyra þau enn og aftur hóta endalausu málþófi um fundarstjórn forseta, í þetta sinn vegna einfaldra breytinga á dagskrá þingsins. Ég bauð þeim að ræða skuldamálin á föstudag, laugardag og mánudag en það máttu þau ekki heyra á minnst. Nú halda þau því svo fram að það sé ríkisstjórnin sem þori ekki að ræða frumvörpin. Þetta er nánast farsakennd hegðun. Það er ekki fréttnæmt að dagskrá þingsins taki breytingum með skömmum fyrirvara síðustu vikurnar, slíkt er alvanalegt. Á síðasta kjörtímabili vissi maður sjaldnast hvað yrði á dagskrá fyrr en samdægurs. Með hótunum um málþóf vegna einfaldra dagskrárbreytinga nær ómálefnaleg stjórnarandstaða nýjum lægðum.



*Sigmundur Davíð Gunnlaugsson*
*forsætisráðherra*

## Hin hliðin



HERDÍS PÁLA PÁLSDÓTTIR
FYRIRLESARI OG MARKÞJÁLFI

## Stjórnenda-vandamál?

Á síðustu árum og áratugum hefur mikið verið fjallað um frammistöðustjórnun. Helstu áherslurnar hafa verið á hvað stjórnendur þurfa að gera gagnvart starfsfólki til að ná fram góðri eða bættri frammistöðu hjá starfsfólki. Í þessari umræðu eru gjarnan nefnd nokkur lykilatriði sem stjórnendur þurfa að sjá um að séu í lagi. Þetta eru atriði eins og að starfsmaður þurfi að kunna starfið, vita til hvers er ætlast af honum og fá reglulega hvatningu og uppbyggilega endurgjöf. Minna hefur verið rætt um í þessu samhengi að stjórnandinn líti reglulega í spegilinn og skoði hvernig hann er að standa sig sem stjórnandi.

Er hugsanlegt að ef stjórnandi er ekki ánægður með frammistöðu eins eða fleiri starfsmanna að þá sé stjórnandinn kannski ekki að standa sig í sínu hlutverki gagnvart starfsfólkinu. Vanstjórnun (e. under-management), þ.e. að gefa fólki bara fullkomlega lausan tauminn og tala helst bara við það ef eitthvað er að, er ekkert betri en ofstjórnun (e. micro-management) þar sem stjórnandi andar stöðugt ofan í hálsmál starfsfólks og krefur það jafnvel um að bera allt undir sig sem það þarf að gera.

**Lítur þú í spegilinn?**

Stjórnendur þurfa að sinna sínu hlutverki sem stjórnendur, ekki að verja öllum tíma sínum ofan í skurði að grafa heldur fara reglulega upp úr skurðinum og sjá hvort verið er að moka í rétta átt, fylgjast með hvort búnaður er í lagi, hvort starfsfólk starfi við góðar aðstæður, hvort einhver sé ekki að skila sínu hlutverki, hvort einhver sé að standa sig framúrskarandi vel og svo framvegis. Án þessarar yfirsýnar er erfitt fyrir stjórnanda að standa sig vel og vera góður í sínu hlutverki.

Ekki vera stjórnandi sem er bara með flott starfsheiti – stattu í lappirnar og taktu ábyrgð á hlutverkinu.

Það besta sem getur komið út úr því er þegar þú, kæri stjórnandi, finnur að starfsfólk þitt er að vaxa og dafna og nær árangri í starfi vegna stjórnunar þinnar en ekki þrátt fyrir stjórnun þína.


Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt á læknisaðstoð og heilbrigðisþjónustu.



# HESTADAGAR
3. - 6. APRÍL 2014



**Dagskrá Hestadaga 2014**

**Fimmtudagur 3. apríl**
**Kl. 19:00 – Setningarathöfn í Hörpu. Ungmenni á hestum koma ríðandi að Hörpu. Móttaka gesta.**

**Kl. 20:00 - Hestaat í Hörpu - Er hundur í hestunum??** Hér leiða saman hesta sína Hilmir Snær og hljómsveitirnar Brother Grass og Hundur í óskilum. Nýstárlegt, tónrænt uppistand í Norðurljósasal Hörpu. Íslenski hesturinn skoðaður frá öllum hliðum og rifjuð upp rysjótt sambúð hans við ótamin náttúruöfl og brokkgenga þjóð. Hilmir Snær segir sögur af hestum og brestur í söng og hljómsveitin Brother Grass leikur þekkt og óþekkt íslensk hestalög með nokkuð öðrum hætti en fólk á að venjast. Þá mun hljómsveitin Hundur í óskilum leika lausum hala um sviðið og aðstoða bæði Hilmi Snæ og Brother Grass við flutninginn. Miðasala á midi.is

**Föstudagur 4. apríl**
Hestamannafélögin á höfuðborgarsvæðinu bjóða heim! Föstudaginn 4. apríl ætla hestamannafélögin Fákur, Hörður, Sóti, Sprettur og Sörli að bjóða gestum og gangandi í félögin sín. Teymt undir börnum og léttar veitingar í boði.
**17:00 - 19:00 Opin hesthús** (valin og merkt með blöðrum), skemmtileg atriði og boðið upp á hestateymingar fyrir börnin í reiðhöllum félaganna (Fáksmenn taka á móti börnum í reiðgerði við félagsheimilið).

**Laugardagur 5. apríl**
**Kl. 13:00 – Skrúðreið frá BSÍ** – ca. 150 hestar – BSÍ, upp Njarðargötu á Skólavörðuholt, niður Skólavörðustíg, yfir Lækjargötu, Austurstræti, Pósthússtræti, Kirkjustræti og Tjarnargata að Ráðhúsi, áfram Tjarnargötu, í gegnum Hljómskálagarð, yfir Njarðargötu og aftur að BSÍ. ATH: smávægilegar tafir geta orðið á umferð á þessum stöðum milli kl. 13 og 14.

**Kl. 20:00 – Ístölt þeirra allra sterkustu í Skautahöllinni í Laugardal** - töltmót á ís!

**Sunnudagur 6. apríl**
Æskan & hesturinn í reiðhöllinni í Víðidal kl. 13:00 og 16:00. Pollapönk spilar og sprellar!
**Fjölskyldusýning - fjölbreytt atriði - frítt inn!**





LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA



**MÁLARAMEISTARI**
Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**SENDIBILL.IS**
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Spái í Tarot og bolla tek heim og í gegnum síma. Ein af þeim bestu. Trúnaður. Kristín s. 8979002

**SPÁSÍMI 908-6116**
Ástir, fjármál & heilsa.

## Húsaviðhald

UJ VERKTAKAR
Sími 779 6162
• Húsasmiði • Málingavinna
• Múrun og flísalagnir
• Alhliða viðhald
• Gerum verðtilboð • Tímavinna
ujverktakar@gmail.com

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
• múrviðgerðir • pípulagnir
• þakviðgerðir • raflagnir
• málningarvinnu • flísalagnir
• trésmíðavinnu • jarðvinna
• gluggaskipti • hellulagnir
• glerskipti • álklæðningar
Sími 567 6699
vidhald@vidhald.is
www.vidhald.is

**LEKUR ÞAKIÐ ?**
Þakpappalagnir / Þakviðgerðir. Á steypt og timbur þök. Mikil reynsla, meðmæli geta fylgt. s. 8498700.

## Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Viðgerðir



CASA-RAF
**HEIMILISTÆKI-VIÐGERÐIR**
Gerum við öll merki, komum á staðinn, skoðunargjald 4900,-kr S. 845 5976.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

FERÐAÞJÓNUSTUAÐILAR !
Húsgögn og fleira til sölu
Til sölu rúm (90x200), hillur, skrifborð, skrif-borðsstólar, borðstofu-/eldhúsborð, eldhússtólar, fataskápar, eldvarnar-hurðir, hitakútar og fl.
Allt notað en vel með farið og í mjög góðum gæðum.
MJÖG GOTT VERÐ
Nánari upplýsingar gefur Jóhann s. 891-8604, s. 822-7303 Eiríkur og á www.sandfellehf.is



mýranaut
Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst ¼ úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Vidur ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Nudd

Slökunarnudd/heilnudd, Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348.

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði
Funahöfða 17a-19, Reykjavík
Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi
VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.
**gsm 824 4535**
**leiga@leiguherbergi.is**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Bílskúr

Bílskúr til leigu miðsvæðis í kópavogi 25,2m2. S: 698-0098

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Skalli
sá svalasti í bænum

**SKALLI ÖGURHVARFI**
Okkur vantar duglegt og snyrtilegt starfsfólk í dagvinnu-full starf. Aðeins 20+ ára. Upplýsingar á staðnum.

20 ÁRA
Hlölla BÁTAR

**HLÖLLABÁTAR**
Starfsfólk óskast á vaktir í dag, kvöld, helgar og næturvinnu. 18 ára aldurstakmark og íslenskukunnátta skilyrði.
**Umsóknir sendist á lilja@hlollabatar.is**

**HJÓLBARÐAVERKSTÆÐIÐ NÝBARÐI**
Okkur vantar starfsfólk m. reynslu á hjólbarðaverkstæðið Nýbarða í Garðabæ. Uppl. í s. 565 8600 & 692 6669.

Múlakaffi leitar að starfskrafti í afgreiðslu. Vinnutími frá kl 16-20.15 auk annan hvers laugardags frá kl.10-14. Umsóknir sendist á starf@mulakaffi.is

Vantar bæði fólk í vinnu strax og fyrir sumarið. Leitum að mjög duglegu og drífandi fólki með bílpróf og til í mikla vinnu í sumar. Umsækjendur sendi tölvupóst á hreinirgardar@gmail.com

## til sölu




## atvinna

**SMIÐIR**
**VERKAMENN**
**MÚRARAR**
ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN OG MÚRARA SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF
**s. 777 2 333**

# fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Austurströnd 2 – Seltjarnarnesi. 2ja herbergja útsýnisíbúð.**
**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**




Falleg og vönduð 2ja herbergja 55,4 fm. útsýnisíbúð á 4. hæð (gengið niður eina hæð að ofanverðu) á Seltjarnarnesi auk 23,8 fm. sér bílastæðis í bílageymslu. Frábært útsýni úr stofu til sjávar, að Esjunni og víðar. Flísalagðar svalir til norðurs. Ljós viðarinnrétting í eldhúsi. Rúmgott svefnherbergi. Stutt í skóla, verslanir og aðra þjónustu. **Verð 22,9 millj. Íbúð merkt 0402. Snorri á bjöllu. Verið velkomin.**

# tilkynningar

## Aðalskipulag Ölfuss, 2010-2022, breytt landnotkun í Árbæjar-hverfi, Ölfusi.

Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti á fundi sínum 27. febrúar 2014 breytingu á Aðalskipulagi Ölfuss, 2010-2022, minniháttar breytingu í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Rökstuðningur með tillögunni:
Aðalskipulagsbreyting þessi tekur til breyttrar landnotkunar í Árbæjarhverfi í Ölfusi og breytingar á nýtingarhlutfalli lóða. Samhliða er deiliskipulag sem hefur verið auglýst en Skipulagsstofnun gerði athugarsemd við afgreiðslu á því. Ekki komu aðrar athugasemdir við deiliskipulagið á auglýsingartímanum. Árbæjarhverfið er þéttbýli innan Ölfuss. Ofan vegar er þéttari byggð og stofnanalóðir. Neðan vegar er íbúðabyggð og einnig möguleiki á að vera með landbúnað s.s. gróðurhús. Breytingin er í samræmi við stefnu í Aðalskipulagi Ölfuss að byggð þéttist innanÁrbæjarhverfisins sem og að þar geti verið landbúnaður sem ekki er með lyktar- eða loftmengun í för með sér. Stækkun á íbúðabyggð sem nær til lands Lindarbæjar er í samræmi við uppbyggingu innan Árbæjar að auka styrk kjarnans.

**Þorlákshöfn 27. febrúar 2014.**
*Sigurður Ósmann Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.*

## Breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss, 2010-2022, til auglýsingar.

Bæjarstjórn Ölfuss, kynnir aðalskipulagsbreytingu á Aðalskipulagi Ölfuss, 2010-2022 um tengingu iðnaðar svæða Hverahlíðarvirkjunar og Hellisheiðavirkjunar ásamt umhverfisskýrslu, sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar 27. mars 2014.

Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 er hér kynnt aðalskipulagsbreyting fyrir tengingu á Hverahlíðarvirkjun, lögnum fyrir skiljuvatn og gufu yfir í Hellisheiðavirkjun. Lagnirnar verða ofanjarðar nema við Hringveginn nr. 1 og í gegnum hæðarhrygg þar sem gamli vetrarvegurinn er. Lagnirnar fara með Gígahnúksvegi af stað frá Hring veginum og greinist annarsvegar niður að skiljustöð ofan Hellisskarðs og hinsvegar austar og norðar, niður Hamragil að skiljustöð við Sleggju.

Aðalskipulagsbreytingin liggur frammi til kynningar í Ráðhúsi Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn á skrif stofutíma frá 9-12 og 13-16. Tillagan verður einnig á heimasíðu Ölfuss. Tillagan er til kynningar frá 2. apríl 2014 til 14. maí 2014. Ábendingar og athugasemdir skulu vera skriflegar og hafa borist fyrir 14. maí 2014 til Sveiarfélagsins Ölfuss, b.t. skipulags- og byggingarfulltrúa, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn.

*Sigurður Ósmann Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.*

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 5 | 6 | | 4 | 7 | 2 |
| 9 | | 4 | | 3 | | | | 5 |
| | 6 | | | 2 | | 3 | | |
| | | 5 | | 4 | | | 3 | |
| | | | | 1 | 7 | | 2 | |
| 7 | 8 | 6 | | | | | | 4 |
| | 9 | 1 | | | 5 | | | 7 |
| | | | 4 | | | | 9 | 3 |
| 4 | 7 | | 6 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | | | | 3 | | |
| 2 | 3 | 7 | | | 9 | | | |
| | 6 | | | 7 | | 5 | 2 | |
| | 4 | | | 2 | | 7 | 1 | |
| 9 | 7 | | 3 | | 4 | | | |
| 6 | | | | | | | | |
| | | | 6 | | 5 | 2 | 8 | |
| | 2 | | 7 | | 1 | 4 | | |
| | | 9 | | | 2 | | 7 | 1 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | | | | | 5 | |
| | 5 | | | 2 | | | 7 | 1 |
| 3 | | | | 4 | | 2 | 6 | |
| | | 1 | | | | | 9 | 2 |
| 9 | | | | | 3 | | | 8 |
| | 3 | | | | 4 | 7 | | |
| 7 | | 3 | | 9 | 1 | | | |
| | 9 | 5 | | | | | | |
| | 2 | | | 3 | 7 | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 1 | 8 | 4 | 2 | 9 | 7 | 3 |
| 8 | 2 | 7 | 9 | 3 | 5 | 1 | 4 | 6 |
| 9 | 3 | 4 | 6 | 7 | 1 | 2 | 5 | 8 |
| 7 | 5 | 9 | 3 | 2 | 4 | 8 | 6 | 1 |
| 6 | 1 | 3 | 5 | 8 | 9 | 7 | 2 | 4 |
| 2 | 4 | 8 | 7 | 1 | 6 | 3 | 9 | 5 |
| 1 | 7 | 2 | 4 | 6 | 8 | 5 | 3 | 9 |
| 3 | 9 | 6 | 1 | 5 | 7 | 4 | 8 | 2 |
| 4 | 8 | 5 | 2 | 9 | 3 | 6 | 1 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 5 | 8 | 4 | 2 | 9 | 7 | 3 |
| 8 | 9 | 7 | 5 | 3 | 6 | 1 | 2 | 4 |
| 2 | 3 | 4 | 7 | 9 | 1 | 5 | 6 | 8 |
| 7 | 8 | 6 | 9 | 5 | 4 | 2 | 3 | 1 |
| 9 | 2 | 3 | 1 | 6 | 7 | 8 | 4 | 5 |
| 5 | 4 | 1 | 2 | 8 | 3 | 6 | 9 | 7 |
| 4 | 5 | 2 | 3 | 1 | 9 | 7 | 8 | 6 |
| 1 | 6 | 9 | 4 | 7 | 8 | 3 | 5 | 2 |
| 3 | 7 | 8 | 6 | 2 | 5 | 4 | 1 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 4 | 5 | 1 | 2 | 9 | 8 | 3 |
| 1 | 3 | 8 | 7 | 4 | 9 | 2 | 5 | 6 |
| 2 | 5 | 9 | 6 | 3 | 8 | 7 | 4 | 1 |
| 4 | 1 | 3 | 2 | 7 | 5 | 6 | 9 | 8 |
| 8 | 2 | 5 | 9 | 6 | 1 | 3 | 7 | 4 |
| 6 | 9 | 7 | 3 | 8 | 4 | 1 | 2 | 5 |
| 3 | 8 | 1 | 4 | 9 | 7 | 5 | 6 | 2 |
| 5 | 7 | 6 | 8 | 2 | 3 | 4 | 1 | 9 |
| 9 | 4 | 2 | 1 | 5 | 6 | 8 | 3 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Það að vilja vera einhver annar er sóun á persónunni sem þú ert.“

*Kurt Cobain*

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Wow air-vormót TR hófst á mánudaginn. Oliver Aron Jóhannesson (2.115) átti óvæntu úrslitin þegar hann vann Sigurbjörn Björnsson (2.360).**

**Hvítur á leik:**



**29. Hf3!** Svartur gafst upp þar sem hann getur ekki bæði valdað mát og bjargað drottningunni. Mótið er ægisterkt og taka fimm stórmeistarar þátt og þeirra á meðal Friðrik Ólafsson, Hannes Hlífar Stefánsson og Hjörvar Steinn Grétarsson.

**www.skak.is** Ný alþjóðleg skákstig.

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** hljóðfæri, **6.** Í röð, **8.** bein, **9.** fugl, **11.** tveir eins, **12.** lægsta hitastig, **14.** hljóðfæri, **16.** fæddi, **17.** dolla, **18.** bati, **20.** skst., **21.** hljómur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** kvk. nafn, **3.** klukka, **4.** tala, **5.** kraftur, **7.** blóm, **10.** keyra, **13.** sár, **15.** lofttegund, **16.** hljóðfæri, **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** túba, **6.** rs, **8.** rif, **9.** lóa, **11.** ll, **12.** alkul, **14.** banjó, **16.** ól, **17.** dós, **18.** bót, **20.** no, **21.** ómur.

**LÓÐRÉTT: 1.** erla, **3.** úr, **4.** billjón, **5.** afl, **7.** sólblóm, **10.** aka, **13.** und, **15.** óson, **16.** óbó, **19.** tu.




| KL. 20:50
**Grey's Anatomy**
Tíunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grey Sloan spítalanum í Seattle-borg.

**Frábært** miðvikudagskvöld

| KL. 20:10
**Heimsókn**
Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum.



| KL. 20:30
**Léttir sprettir**
Rikka stýrir skemmtilegum þætti um hreyfingu, mataræði og fleira sem tengist heilsusamlegum lífsstíl.



| KL. 21:35
**Rita**
Önnur þáttaröðin um Ritu, kennslukonu á miðjum aldri, sem fer ótroðnar slóðir og er óhrædd við að segja skoðun sína.



| KL. 22:20
**Believe**
Glænýir þættir sem fjalla um unga stúlku sem fæddist með einstaka hæfileika.



3 | KL. 19:45
**Baby Daddy**
Önnur gamanþáttaröðin um ungan mann sem verður óvænt faðir þegar stúlkubarn er skilið eftir á dyraþrepi hans.



Krakka Stöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS

# BETRI KAUP
## í nokkra daga



**FÆÐUBÓTAREFNI, FATNAÐUR OG SMÁTÆKI**

**NÚ ER TÍMI TIL AÐ BIRGJA SIG UPP FYRIR RÆKTINA**

**THE PROTEIN WORKS**
Alltaf betri kaup!

| | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| The protein works Kreatine 500 gr | | 1.999 kr. |
| The protein works Protein 80 , 2kg 80 skammtar | | 7.999 kr. |
| The protein works HNETUSMJÖR 1 KG | | 1.799 kr. |
| The protein works Whey smoothie 500g | 3.999 kr. | 2.999 kr. 25% |
| The protein works Whey smoothie 1 kg | 6.999 kr. | 4.899 kr. 30% |
| The protein works Thermopro fatburner 90 hylki | | 3.999 kr. |
| The protein works CLA fitusýra 120 hylki | | 3.999 kr. |
| The protein works Nýtt ! Raspberry Ketones 60 hylki | | 1.799 kr. |
| The protein works Total Mass 2 kg | | 6.999 kr. |

**Pældu í verðinu!**

**MAXIMUSCLE**

| | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| Maximuscle Nýtt Promax Extreme 1.2 kg | 9.995 kr. | 7.996 kr. 20% |

**PhD**

| | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| PHD L-GLUTAMIN 550gr 110 skammtar | 4.995 kr. | 3.996 kr. 20% |
| PHD Pharma Pro-3 protein 1.8 kg | 8.995 kr. | 7.995 kr. |

**SLENDERTONE**




| | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| Slendertone System+ | 29.995 kr. | 26.995 kr. |
| PAKKI belti+pils (rass og læri) | | 36.995 kr. |

**POLAR**

| | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| POLAR púlsmælir FT2 | 11,995 kr. | 9.995 kr. |
| POLAR púlsmælir FT4 | 15,995 kr. | 13.995 kr. |
| POLAR púlsmælir FT7 | 18,995 kr. | 16.995 kr. |



**UNDER ARMOUR**
**30% afsl.** af eldri vörum

**VIÐ AÐSTOÐUM ÞIG AÐ VELJA RÉTTU VÖRURNAR SEM HENTA ÞÉR!**

**50% afsl.** af Hreysti bómullarbolum
Verð áður kr. 2.990.- **Verð nú kr. 1.498.-**

**50% afsl.** af Hreysti hettupeysum renndum/lokuðum
Verð áður kr. 5.995.- **Verð nú kr. 2.998.-**

allt fyrir kroppinn
HREYSTI í 26 ár
1988 - 2014

allt fyrir kroppinn
**HREYSTI**
Skeifunni 19 - S. 568 1717
NETSÍÐA: WWW.HREYSTI.IS

maxifuel · TRX · MAXIMUSCLE · maximuscle maxitone · Life Fitness · IRON GYM · SLENDERTONE · PhD · YORK · Reebok · POLAR · BBE · SPORTLINE · EAS

# Þungarokkstónleikar með leikrænu ívafi

**Skálmöld hefur lagt undir sig stóra svið Borgarleikhússins og þar verður verk hennar, Baldur, frumsýnt á föstudagskvöldið. Leikstjórinn, Halldór Gylfason, segir óralangt frá því að verið sé að slá verkinu upp í grín þótt trúðar komi við sögu.**

Hljómsveitin Skálmöld spilar plötuna Baldur á sviðinu og svo koma þrír trúðar og hjálpa henni að flytja söguna af Baldri. Þeir koma inn á milli laga, segja frá því sem er um að vera, leika atburðarásina og karakterana í verkinu og segja frá örlögum Baldurs í gegnum allt verkið,“ útskýrir Halldór Gylfason leikstjóri þolinmóður þegar hann fær þá spurningu, örugglega í hundraðasta skipti, hvað hann sé að vilja með trúða í þungarokkssýningu. „Þetta er hart og flott og groddalegt rokk og svo koma einlæg, opin barnsleg hjörtu inn á milli. Mjólka dramað, fara inn í harminn og gleðina af fullri alvöru. Það er engum hlátur í huga enda fjallar sagan um dauða og harm og trúðar eru einna bestir í því að túlka harm.“

Spurður hvernig gengið hafi að púsla þessum andstæðum saman segir Halldór það hafa gengið ótrúlega vel. „Þessir strákar í Skálmöld eru svo næs. Miklir fagmenn, góðir í samstarfi og til í allt. Opnir fyrir öllum pælingum. Auðvitað höfðu þeir áhyggjur af því að við ætluðum að fara að vera með fíflalæti og rugl. Eitthvert grín og sprell með trúðslátum. En það er alls ekki pælingin. Við berum mjög djúpa virðingu fyrir verkinu og fyrst og síðast er þetta svo sannarlega ekkert grín.“

